

**Starfendarannsókn  
um leiðsagnarnám og námskraft  
nemenda**

**Rannsóknarskýrsla**

**um rannsókn með styrk úr Rannsóknarsjóði KÍ maí 2019**

Hjördís Þorgeirsdóttir,  
félagsfræðikennari við MS  
Reykjavík, 23. júlí 2020

## Útdráttur

Rannsóknarskýrslan fjallar um starfendarannsókn félagsfræðikennara í framhaldsskóla. Markmiðið er að efla mig faglega í starfi með því að innleiða leiðsagnarnám og byggja upp námsmenningu um námskraft nemenda. Markmiðið er að byggja upp fjölbreytt, skapandi og gagnrýnið verkefnabundið nám með fjölbreyttum námsmatsaðferðum sem auka virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu. Byggt er á aðferðafræði Jean McNiff um starfendarannsóknir. Rannsóknaraðferðir mínar eru rannsóknardagbók mín, könnun á meðal nemenda um mat á áfanganum, samræður við nemendur og verkefni nemenda. Hugtakarammi starfsemmiskenningar Yrjö Engestöm er hafður til hliðsjónar og mikilvægi þess að beina athygli að togsteitu í starfinu. Kenning Dylan Wiliam um lykilþætti leiðsagnarmats er höfð að leiðarljósi við innleiðingu leiðsagnarnáms. Kenning Guy Claxtons um námskraft er nýtt við þróun námsmenningar um námskraft nemenda. Helstu niðurstöður eru að ég er byrjuð að innleiða leiðsagnarnám í kennsluna með fjölbreyttum verkefnum, setja markmið með öllum verkefnum og prófum, gátlistum fyrir mat á stærri verkefnum, munnlegri endurgjöf, einstaklingsmiðuðu námsmati, hópviðtölum við nemendur og stöðug áminning til nemenda um mikilvægi seiglu. Námsmenning um námskraft nemenda byggist á því að hafa samtímis í huga innihald náms samkvæmt áfangalýsingu, meðnám og námsumhverfi. Aðferðir mínar eru m.a. kynning á hugmyndafræðinni um námskraft, veggspjöld um námskraftinn, hópavinna byggð á námsvinum og dagbókum námsvina. Ég hef upplifað ýmsa kosti við leiðsagnarnámið t.d. aukna virkni nemenda, meiri jákvæðni í samskiptum, betri hópanda og jákvæð viðbrögð nemenda við breytingunum. En ég hef einnig upplifað togstreitu í starfinu sérstaklega við að veita munnlega endurgjöf, hversu tímafrek samning og yfirferð skriflegra verkefna er og erfiðleika við jafningjamat nemenda.

## Abstract

This research report describes an action research of a teacher in Sociology in an upper secondary school. The aim is to enhance my professional development by implementing formative assessment and the ideology of student learning power in the classroom. The aim is to enhance various, creative and critical assignment-based learning with various assessment methods that increase active student learning and students' responsibility for their learning. My action research is guided by the ideas of Jean McNiff. My research methods are surveys, conversations, students' products and my research diary. The conceptual framework of the activity theory by Yrjö Engeström is used to analyse the data and the importance to look for tensions in the classroom. The theory of Dylan Wiliam about five key strategies of formative assessment is used as a guide to implement formative assessment. The Learning Power Approach developed by Guy Claxton is used as a guide to implement a learning culture of students learning power. My main findings are that I have started to implement formative assessment in my teaching with various assignments, setting aims with all assignments and exams, rubrics for assessment of large projects, verbal feedback, individual composition of assessment, group interviews with students and continuously emphasising the importance of resilience. The Learning Power Approach calls for equal emphasis on the content of learning according to curriculum and learning environment and collateral learning. My methods include power point presentation of the ideology, posters about learning power, group work of learning friends and their diary. I have experienced some advances of formative assessment, for example increased students' participation, more positive attitudes from students, enhanced group spirit and positive students response toward the changes in classroom practice. But I have also experienced tension in classroom practice especially with providing verbal feedback, how timeconsuming it is to create and assess student assignments and difficulties with peer assessment.

## Þakkir

Ég vil byrja á því að þakka kærlega fyrir rannsóknarstyrkinn frá Kennarasambandi Íslands. Styrkurinn er bæði fjárhagslega mikilvægur en ekki síður fagleg hvatning til að sinna starfsþróun í gegnum starfendarannsókn. Rannsóknarsjóður KÍ var stofnaður 2019 samkvæmt samþykkt á 8. þingi KÍ vorið 2018. Ég var svo heppin að vera í fyrsta hópnum sem fékk úthlutað úr sjóðnum. Stofnun þessa sjóðs hefur verið lengi á stefnuskrá KÍ og frábært að hann er orðinn að veruleika því það er afar brýnt að kennarar á öllum skólastigum taki virkan þátt í rannsóknum á skólastarfinu, skapi þekkingu um nám og kennslu og miðli þeirri þekkingu áfram til starfandi kennara. Önnu Maríu Gunnarsdóttur þakka ég fyrir jákvæð samskipti um rannsóknarstyrkinn.

Ég vil einnig þakka öllum sem veittu mér aðstoð og hvöttu mig áfram í starfendarannsókn minni um leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Sérstaklega vil ég þakka nemendum mínum fyrir þátttökuna í rannsókninni og fyrir alla endurgjöfina um þróunarstarfið. Samkennurum mínum í starfendarannsóknarhópnum, þróunarhópnum um leiðsagnarnám og í fagdeildinni þakka ég fyrir allar samræðurnar um leiðsagnarnám og námskraftinn. Samræður eru afar mikilvægar, því að hugsa upphátt og ræða um rannsóknina á öllum stigum hennar er stór þáttur í starfendarannsókninni sjálfri. Stjórnendum skólans þakka ég fyrir hvatninguna og tækifærin til að kynna rannsóknina í MS og víðar.

Mínum gagnrýna vini, Sigurrósu Erlingsdóttur þakka ég kærlega fyrir endurgjöfina bæði skriflegu og munnlegu en sérstaklega munnlegu endurgjöfina því hún er áhrifamest og allar samræðurnar voru mjög skemmtilegar og lærdómsríkar.

Að lokum vil ég þakka eiginmanni mínu, Brodda Þorsteinssyni og dóttur okkar Elínu, innilega fyrir ómetanlegan stuðning, þolinmæði og umhyggju allan tímann og núna síðast takk fyrir yfirlesturinn á skýrslunni.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Abstract.....	2
Þakkir.....	3
Listi yfir töflur.....	5
Listi yfir myndir.....	5
1. Inngangur.....	6
2. Markmið og rannsóknarspurningar.....	7
3. Fræðilegur grunnur.....	8
3.1. Leiðsagnarmat (Formative assessment).....	9
3.2. Námskraftur (Learning Power Approach). ....	11
3.3. Starfsemiskeningin (Activity Theory). ....	13
4. Aðferðafræði – Starfendarannsókn.....	16
4.1. Starfendarannsókn.....	16
4.2. Rannsóknaraðferðir.....	18
5. Niðurstöður.....	20
5.1. Helstu leiðir í leiðsagnarnáminu.....	21
5.2. Helstu leiðir fyrir námskraft nemenda.....	25
5.3. Starfsemiskerfi kennslustofunnar.....	27
5.4. Mat nemenda á námi í FÉLA2KR05 og þróun námsins.....	28
6. Kynningar á niðurstöðum rannsóknar um leiðsagnarnám og námskraft.....	36
7. Umræður.....	37
8. Lokaorð.....	41
Heimildir.....	42
Viðaukar.....	46
1. Tíma- og verkáætlun sett fram í maí 2019.....	46
2. Námsáætlun FÉLA2KR05 vorönn 2020.....	47
3. Dæmi um verkefni.....	49
4. Dæmi um verkáætlun fyrir verkefni.....	54
5. Gátlistar fyrir mat á verkefnum.....	55
6. Dæmi um eyðublað fyrir sjálfsmat og jafningjamat nemenda.....	56
7. Námsupplifun.....	58
8. Námsaðgerðir.....	59
9. Dæmi um verkefni fyrir hópdegabók námsvina.....	60
10. Spurningalisti fyrir nemendur.....	61

## Listi yfir töflur

Tafla 1 Fimm lykilaðgerðir leiðsagnarmats.....	10
Tafla 2 Orðaforði um námskraft nemenda út frá kjörorðum um námskraft nemenda .....	12
Tafla 3 Val nemenda á alfa, beta, gamma haustönn 2018 til haustönn 2019.....	24
Tafla 4 Mat nemenda á Kenningum og rannsóknaraðferðum haustönn 2017 til vorönn 2020.....	30
Tafla 7 Aðferðir við innleiðingu leiðsagnarnáms út frá fimm lykilaðgerðum leiðsagnarmats .....	39

## Listi yfir myndir

Mynd 1 Dylan Wiliam.....	9
Mynd 2 Guy Claxton.....	11
Mynd 3 Námsmiðun og frammistöðumiðun (Leifur Ingi Vilmondarson, 2019) .....	13
Mynd 4 Yrjö Engeström.....	13
Mynd 5 Miðlandi athöfn (e. mediated action) (Engeström, 2001).....	14
Mynd 6 Starfsemiskerfi kennslustofunnar .....	15
Mynd 7 Jean McNiff.....	16
Mynd 8 Starfendarannsókn.....	17
Mynd 9 Starfendarannsóknarspírall .....	17
Mynd 10 Þrjú starfendarannsóknarhringir við innleiðingu leiðsagnarnáms og námskrafts nemenda ..	18
Mynd 11 Blað fyrir nemendur í hópviðtali fyrir lokaverkefnið.....	24
Mynd 12 Veggspjöld um námskraft nemenda .....	26
Mynd 13 Dæmi um dagbókarfærslur námsvina .....	27
Mynd 14 Leiðsagnarnám og námskraftur í starfsemiskerfi kennslustofunnar.....	28
Mynd 15 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á haustönn 2018.....	31
Mynd 16 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á vorönn 2019 .....	31
Mynd 17 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á haustönn 2019.....	32
Mynd 18 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á vorönn 2020 .....	33

## 1. Inngangur

Rannsóknarskýrslan fjallar um starfendarannsókn mína um að þróa námshætti og námsmat í anda leiðsagnarnáms og byggja upp námsmenningu um námskraft nemenda í félagsfræðiáfanga í Menntaskólanum við Sund (MS). Ég hef verið þátttakandi í starfendarannsóknarhópi starfsfólks MS síðan 2005 og þar hefur verið lögð áhersla á að innleiða kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu (Hafþór Guðjónsson, 2011; 2008). Eftir að ný þriggja ára skólanámskrá til stúdentsprófs var innleidd í nýju þriggja anna kerfi í MS með megináherslu á verkefnabundið nám kom upp skýr þörf fyrir að innleiða leiðsagnarmat í símatkerfi MS. Í Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, Almennur hluti (2011) er bent á mikilvægi þess að nýta fjölbreyttar leiðir við námsmat sem og leiðsagnarmat:

Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

(Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Almennur hluti, 2011, bls. 26)

Leiðsagnarmat hefur verið þróað í nokkrum framhaldsskólum á Íslandi t.d. Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, Menntaskóla Borgarfjarðar, Framhaldsskólanum á Laugum (Ívar Rafn Jónsson og Birgir Jónsson, 2015) og Fjölbrautaskóla Snæfellinga (Berglind Axelsdóttir, 2009).

Haustið 2017 var stofnaður þróunarhópur kennara um leiðsagnarmat í MS og tók ég þátt í því þróunarstarfi og byrjaði að innleiða leiðsagnarmat byggt á hugmyndum Dylan William (2018; 2013; Black og Wiliam 2009). Eftir það hélt ég áfram að innleiða leiðsagnarnám ásamt mörgum öðrum í starfendarannsóknarhópnum. Einnig byggði ég á hugmyndafræðinni um námskraft nemenda sem Guy Claxton setti fram (2018; 2002; Glaxton og Powell 2019) þar sem áherslan er á að beina athyglinni að námsvenjum, hugsun og viðhorfum nemenda til náms en einblína ekki eingöngu á miðlun innhalds námsefnisins.

Aðferðafræði mín er starfendarannsókn en það er mjög góð aðferð til að efla faglega starfsþróun kennara og til að gefa kennurum kjark og þor til að innleiða breytingar í kennslustofunni eins og ég fjallaði um í doktorsritgerð minni (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2016) og í greinum um sama efni (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2018, 2010). Starfendarannsókn er einnig ein af grunnstoðum stoðkerfis um starfsþróun kennara samkvæmt nýrri skilgreiningu á starfsþróun kennara með áherslu á að hún tengist beint daglegu starfi kennarans og nái yfir

lengri tíma. Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara setti fram nýju skilgreininguna á starfsþróun kennara árið 2016 í skýrslu til ráðherra um framtíðarsýn um starfsþróun kennara. Nýja skilgreiningin hljóðar svo:

Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofinn hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starfi á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi. (Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara, 2016, bls. 3).

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem tók við af Fagráðinu 2016 hefur haldið áfram að leggja áherslu á nýju skilgreininguna á starfsþróun kennara og bent á starfendarannsóknir, ígrundun, lærdómssamfélög í skólum, samstarf innan og milli skóla og samstarf við háskóla sem helstu grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun kennara (Þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda, 2018, bls. 2). Starfendarannsókn mín og þátttaka í starfendarannsóknarhópi og þróunarhópi um leiðsagnarmat er mjög í þessum anda.

## 2. Markmið og rannsóknarspurningar

Starfendarannsókn mín er um að þróa námshætti og námsmat í anda leiðsagnarnáms og byggja upp námsmenningu sem byggir á námskrafti nemenda í áfanganum Kenningar og rannsóknir (FÉLA2KR05) í félagsfræði í nýrri skólanámskrá MS. Helstu markmið mín eru:

- Að bæta mig faglega í starfi sem félagsfræðikennari.
- Að innleiða leiðsagnarnám.
- Að þróa námsmenningu sem eflir námskraft nemenda.
- Að byggja upp fjölbreytt, skapandi og gagnrýnið verkefnabundið nám.



- Að byggja upp fjölbreyttar námsmatsaðferðir.
- Að innleiða kennslufræði um virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu.

Ég hef valið að nota hugtakið leiðsagnarnám (assessment for learning) frekar en leiðsagnarmat (formative assessment) þó að ég byggi á fræðum um leiðsagnarmat. Ástæðan er sú að ég tel að hugmyndafræðin um leiðsagnarmat sé miklu víðtækari en námsmat því það á sér stað allan námstímamann, er samtvinnað námsferlinu og námsmenningunni. Athyglin beinist mest að námi nemenda bæði hjá kennaranum og nemendum og því að skapa námsumhverfi og námsmenningu með leiðsögn sem eykur áhuga og ábyrgð nemenda á námi sínu og því er betra að nota endinguna nám en mat. Steingrímur Birgisson (2018) bendir réttilega á að umræða um leiðsagnarmat er umræða um kennslufræði, námsvitund og námsmenningu og því beinist athyglin sérstaklega að námi nemenda og þeim verkefnum sem þau vinna yfir önnina. Rúnar Sigþórsson (2009, bls. 4) setti fram góða samlíkingu á námsmati og ræktun sem styður það að ræða um leiðsagnarnám frekar en leiðsagnarmat. Við getum einbeitt okkur að lokamati og mælt plönturnar okkar á hverjum degi og einnig mælt uppskeruna í lokin eða við getum einbeitt okkur að leiðsagnarmati eða leiðsagnarnámi og hugað að aðstæðum plöntunnar til að vaxa, vökvun, áburði og öðru sem þarf til að stuðla að stöðugum vexti allan ræktunrtímamann til að gera uppskeruna sem besta og mesta.

Helstu rannsóknarspurningar í starfendarannsókn minni eru eftirfarandi:

1. Hvernig get ég eflt mig faglega í starfi með innleiðingu leiðsagnarnáms í félagsfræðiáfanganum FÉLA2KR05 Kenningar og rannsóknaraðferðir?
2. Hvernig get ég þróað námsmenningu um námskraft nemenda þannig að nemendur verði þróttmeiri og öflugri námsmenn?
3. Hvert er mat nemenda á einstökum þáttum leiðsagnarnámsins og námsmenningarinnar um námskraft nemenda í áfanganum FÉLA2KR05?

### 3. Fræðilegur grunnur

Ég byggi aðallega á þremur fræðikenningum í starfendarannsókn minni þ.e. kenningu Dylan Wiliam (2018; 2013; Black, P. og Wiliam, D. 2009; 2001) um leiðsagnarmat (formative assessment), kenningu Guy Claxtons (2018; 2002) um námskraft nemenda (Learning Power

Approach) og starfsemiskenningu (Activity theory) Yrjö Engeström (2007; 2001). Ég mun nú lýsa þessum kenningum og útskýra hvernig ég nýti þær í minni rannsókn.

### 3.1. Leiðsagnarmat (Formative assessment).



*Mynd 1 Dylan Wiliam*

Ég vinn út frá eftirfarandi skilgreiningu á leiðsagnarmati. „Mat er leiðsegjandi svo lengi sem matið gefur upplýsingar um árangur nemenda og matið/gögnin eru túlkuð og notuð til að taka ákvarðanir um næstu skref í kennslu sem líklegt er að skili árangri og að þessar ákvarðanir séu árangursríkari en það sem gert hefði verið ef matið hefði ekki farið fram“ (Black og Wiliam, 2009. Þýðing Sólveig Zophoníasdóttir). Hér er gengið út frá því að leiðsagnarmat sé ferli frekar en ákveðið verkfæri eins og Wiliam hefur lagt áherslu á (2018, bls. 40).

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á jákvæð áhrif leiðsagnarmats en árið 1998 tóku Black og Wiliam saman 250 alþjóðlegar rannsóknarniðurstöður frá 1988 til 1997 (Black og Wiliam, 2001). Ýmsar rannsóknir hafa síðar stutt þá niðurstöðu að leiðsagnarmat auki námsárangur nemenda og nefnir Þóra Björk Jónsdóttir (2008) t.d. Stiggins (2006), Rodriguez (2004) og Meisels og félagar (2003) í því sambandi. Sólveig Zophoníasdóttir (2017) hefur tekið saman helstu rannsóknarniðurstöður um áhrif leiðsagnarmats á grundvelli rannsókna Black og Harrisson (2000) og Rowntree (1999) og þær eru að leiðsagnarnám stuðli að jákvæðum samskiptum kennara og nemenda, aukinni virkni, áhugahvöt og sjálfstæði nemenda, hæfni við sjálfsmat og félagamat, aukinni námshæfni, betri námsárangri á öllum aldurstigum og betri anda í nemendahópnum.

Samkvæmt Dylan Wiliam (Wiliam, 2018; 2013; Black and Wiliam, 2009) eru fimm lykilaðgerðir í leiðsagnarmati:

1. Að skýra námsmarkmið og viðmið um árangur.
2. Að nýta spurningar, samræður og aðrar námsaðferðir á markvissan hátt til að fá vísbendingar um skilning nemenda.
3. Að veita endurgjöf sem gefur upplýsingar um næstu skref í námi nemenda.
4. Að stuðla að félagastuðningi og samvinnu á milli nemenda.
5. Að stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi.

Sjá einnig myndræna framsetningu í töflu 1 hér fyrir neðan.

	Hvert stefnir nemandinn?	Hvar er nemandinn staddur núna?	Hvernig nær nemandinn markmiðunum?
Kennari	1. Skýra námsmarkmið og viðmið um árangur	2. Nýta spurningar, samræður og aðrar námsaðferðir á markvissan hátt til að fá vísbendingar um skilning nemenda	3. Veita endurgjöf sem gefur upplýsingar um næstu skref í námi nemenda
Félagar	Skýra og deila námsmatkmiðum og viðmiðum um árangur	4. Stuðla að félagastuðningi og samvinnu milli nemenda	
Nemandi	Skýra námsmarkmið og viðmið um árangur	5. Að stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi sínu	

(Black and Wiliam, 2009: 8)

### Tafla 1 Fimm lykilaðgerðir leiðsagnarmats

Fyrsta árið, skólaárið 2017-2018 beindist rannsókn mín að fyrstu lykilaðgerðinni, markmiðssetningu og að útbúa gátlista fyrir mat á stærri verkefnum. Á næsta skólaári, 2018-2019, beindi ég sérstaklega athyglinni að lykilaðgerðum fjögur og fimm, þ.e. að stuðla að félagastuðningi og samvinnu milli nemenda og auka ábyrgð og sjálfstæði nemenda. Á þessu skólaári, 2019-2020, hef ég haldið áfram með þessar áherslur og endurskoðað aðferðir mínar í ljósi kenninga, reynslunnar og mati nemenda. Ég hef einnig bætt við áherslu á lykilaðgerðir tvö og þrjú með áherslu á samræður nemenda og að veita munnlega endurgjöf sem mikil áhersla er á núna í fræðunum (Hattie, J. and Clarke, S., 2019; Clarke, S., 2014). Með þessari starfendarannsókn tengi ég saman reynslu mína í kennslustofunni og kennslufræðilegar hugmyndir og rannsóknir og þróa þannig nýja þekkingu og mína eigin starfskenningu. Í kaflanum um niðurstöður lýsi ég þeim aðferðum sem ég notaði við innleiðingu leiðsagnarnáms

og í kaflanum um umræður tengi ég saman þessar lykilaðgerðir Black og Wiliam og þær aðferðir sem ég hef notað.

### 3.2. Námskraftur (Learning Power Approach).

Við í MS teljum að okkar áhersla á verkefnavinnu eigi samhljóm við hugmyndafræðina að byggja upp námskraft nemenda (Learning Power Approach) og teljum hana styrkja fræðilegan grundvöll að kennslufræði skólans um virkni nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu. Ég tel hana einnig eiga sterkan samhljóm með leiðsagnarnámi. Hugmyndafræðingur kenningarinnar um námskraftinn (Learning Power Approach) er Guy Claxton (2018; 2002; Glaxton og Powell 2019). Hugmyndafræðin er vel kynnt á heimasíðu samtakanna Building Learning Power <https://www.buildinglearningpower.com/> og þar er hægt að fá ítarefni um námskraftinn bæði fyrir framhaldsskóla og grunnskóla.



*Mynd 2 Guy Claxton*

Kjörorð hugmyndafræðinnar um námskraftinn eru seigla, ráðkænska, ígrundun og miðlun. Guy Claxton (2019; 2018; 2002) hefur lagt mikla áherslu á að menntun snýr ekki eingöngu að innihaldi námsins heldur einnig að starfsháttunum í skólunum t.d. námsvenjum, hugsun og viðhorfum nemenda. Samkvæmt Claxton á nám að felast í að læra að gera hluti með öðrum, rækta með sér nýjar hugmyndir og læra að hugsa. Mestu máli skiptir að þróa skólamenningu og námsumhverfi sem rættar með ungu fólki venjur og viðhorf sem auðveldar þeim að takast á við erfiðleika og óvissu á yfirvegaðan hátt. Mikil áhersla er á að efla þrautseigju og seiglu nemenda, þjálfra heilann eins og hvern annan vöðva, einbeitingu og þora

að gera mistök. Markmiðið er að skapa nærandi námsumhverfi í kennslustofunni, efla með nemendum vilja til að takast á við verkefni og námsfærni til að takast á við margvísleg viðfangsefni, einir, í þörum og hóp eða með öðrum orðum að byggja upp námskraft nemenda. Nemandinn og námið er í brennidepli og hvernig á að undirbúa nemendur til að takast á við lífið á 21. öldinni. Grunnþættir námskraftsins eru eftirfarandi: Forvitni, athygli, þrautseigja, hugmyndaauðgi, hugsun, félagsfærni, ígrundun og skipulagning (Claxton, 2018).

Claxton hefur einnig bent á mikilvægi þess að bæði kennarar og nemendur hafi góðan orðaforða um nám, námsaðferðir og eiginleika námskraftsins, sjá töflu 2 hér fyrir neðan um orðaforða um námskraftinn út frá fjórum kjörorðum hugmyndafræðinnar um námskraftinn. Nánar verður fjallað um hvernig hægt er að efla orðaforða og ýta undir umræður nemenda um nám sitt og námsaðferðir í niðurstöðukaflanum.


### Þurfum orðaforða um námskraft nemenda

Seigla (resilient)	Ráðsnilld (resourceful)	Ígrundun (reflective)	Miðlun (reciprocal)
Forvitinn	Spyrjandi	Skýr í hugsun	Samvinnufús
Ævintýraþrá	Með opinn huga	Hugsandi	Sjálfstæður
Staðfastur	Glettinn	Sjálfsþekking	Opinn fyrir endurgjöf
Sveigjanlegur	Hugmyndaríkur	Skipulagður	Umhyggjusamur
Athugull	Tengir saman	Nýtir tækifærin	Setur sig í spor annarra
Einbeittur	Hefur frumkvæði	Sjálfsmat	Herma eftir

Claxton, 2006

Tafla 2 Orðaforði um námskraft nemenda út frá kjörorðum um námskraft nemenda

Hugmyndafræðin um námskraftinn setur nám og námsferlið í brennipunkt. Hlutur kennarans er að skapa námsaðstæður og námsumhverfi sem hvetur til náms og umræðna um nám og kallar eftir opnu og skapandi hugarfari þar sem mistök eru leyfileg og áherslan er á framfarir. En áherslan er alls ekki á frammistöðumiðun með lokuðu hugarfari þar sem aðalatriðið er að ná góðu skori og slæmt er að gera mistök, sjá nánar á mynd 3 hér að neðan.



Mynd 3 Námsmiðun og frammistöðumiðun (Leifur Ingi Vilmundarson, 2019)


### 3.3. Starfsemiskenningin (Activity Theory).

Ég beitti starfsemiskenningunni eins og Yrjö Engeström, finnskur fræðimaður hefur þróað kenninguna.



Mynd 4 Yrjö Engeström

Þríhyrningslíkan Engeströms um starfsemiskerfi er byggt á þríhyrningi Vygotsky gerandi – verkfæri - viðfang. Grunneneiningin í starfsemiskenningunni er miðlandi athöfn og er hún sótt í kenningu Vygotskys um nám. Vygotsky leggur áherslu á félagslega þáttinn í námi og hlutverk tungumálsins ásamt öðrum verkfærum í öllu námi. Miðlandi athöfn felst í því að þegar við gerum eitthvað þá notum við verkfæri t.d. orð, tákni, töl og þessi verkfæri móta athöfn okkar, sjá mynd 5.




Mynd 5 Miðlandi athöfn (e. mediated action) (Engeström, 2001).

Verkfærin eru notuð af manningum á eitthvað viðfangsefni og samkvæmt Engeström er alltaf hægt að finna einhverja togstreitu á milli verkfæranna og mannsins sem er að nota verkfærin við tiltekna aðstæður (2007; 2001). Mótsetningin getur t.d. skapast af því að verkfærið er ófullkomið eða af því að gerandinn nær ekki að nýta sér verkfærið til gagns.

Engeström (2001) hefur víkkað út hugmynd Vygotsky og vill skoða athöfnina í víðara félagslegu samhengi; þ.e. í ljósi þeirra reglna, þess samfélags og þeirrar verkaskiptingar sem er ríkjandi þar sem athöfnin á sér stað. Þessu er lýst á mynd 6. Reglur vísa til viðmiða, gilda og regluverksins á staðnum. Samfélagið er sá hópur sem hefur áhuga á sama viðfangsefni og verkaskiptingin vísar til þess hvernig valdi og verkefnum er dreift á milli fólksins á staðnum. Þessi sýn Engeström kallar á greiningu á innbyrðis samspili allra þessara þátta (Daniels, 2004). Áhersla er lögð á aðgreiningu athafna og starfsemi þar sem athöfn er einstaklingsbundin, afmörkuð og tímabundin en starfsemi er félagsleg og ótímabundin og svipaðar athafnir eru endurteknar aftur og aftur. Þessi aðgreining er byggð á kenningum Alexei N. Leont'ev sem einnig fjallar um hvernig tilgangur starfseminnar er falinn í viðfangsefninu (Engeström og Sannino, 2010).

Á mynd 6 er starfsemiskerfi kennslustofunnar sýnt út frá sjónarhóli kennarans sem geranda í starfsemiskerfinu. Viðfangið eru nemendur eða nám nemendanna. Verkfærin eru menningarleg tæki bæði veraldleg og andleg sem móta athafnir eða hegðun gerandanna þ.e. kennaranna. Verkfærin tengja saman kennarann og nemandann og nám á sér stað. En Engeström bætir við þremur samfélagsbundnum þáttum Reglur – Samfélag – Verkaskipting og beinir þar með athyglinni að þeim flóknu tengslum sem eru á milli gerandans og ýmissa félags- og menningarlegra þátta innan starfseminnar. Reglur vísa til þeirra viðmiða, gilda og regluverka sem eru um hegðun og samskipti á staðnum. Samfélagið er hópurinn sem hefur áhuga á viðfanginu t.d. bekkurinn, fagdeildin. Verkaskiptingin vísar til þess hvernig verkefnum

og valdi er skipt innan kennslustofunnar bæði lárétt og lóðrétt. Æskileg útkoma kerfisins eru nemendur með hæfni til að halda áfram námi á næsta skólastigi og þátttöku á vinnumarkaðinum og sem ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Með því að bæða við neðri hluta þríhyrningsins leggur Engeström áherslu á félagslega þætti innan kerfisins og það kallar á greiningu á innbyggðis samspili allra þessara þátta. Starfsemiskeningin beinir athyglinni að því hvar má finna togstreitu innan kerfisins, hvað veldur truflun og vandamálum þar því togstreita er uppspretta breytinga á kerfinu (Engeström & Sannino, 2010).



Mynd 6 Starfsemiskerfi kennslustofunnar

Engeström (2001) bendir á fimm megineinkenni starfsemiskeningarinnar. Starfsemiskerfið er grunneiningin, kerfið er margdraddað, það hefur sögulega vídd, mótsetningar eru uppspretta breytinga og þær gera víðfeðmar umbreytingar mögulegar. Mótsetningar eru hreyfiaflið innan starfsemiskerfisins og það sem drifur áfram víðfeðmt nám (Edwards, 2008; Engeström, 2000, 2001, 2007; Engeström og Sannino, 2010; Inga Jóna Jónsdóttir, 2010; Þuríður Jóhannsdóttir, 2010). Mótsetning er díalektískt hugtak og á m.a. rætur í hugmyndum Evald V. Ilyenkov en hann lítur á mótsetningar sem togstreitu sem eigi sér sögulegar forsendur og að þær sé hægt að greina og takast á um innan starfsemiskerfisins (Engeström og Sannino, 2010). Grundvallarmótsetningin er á milli notagildis og skiptagildis hvers hlutar. Í skóla getur hún t.d. falist í andstæðum á milli þess hversu gagnlegt nám er og



hvernig það er metið til einkunnar. Algengasta birtingarmynd mótsetninga hjá einstaklingum innan starfsemiskerfis er togstreita og er hún fyrsta vísbending um að þörf sé fyrir breytingar (Engeström og Sannino, 2010). Samkvæmt Engeström má greina mótsetningar á fjórum þrepum. Fyrsta stigs mótsetningar birtast innan einstakra þátta starfsemiskerfisins, annars stigs mótsetningar birtast milli ólíkra þátta kerfisins, þriðja stigs mótsetningar birtast þegar breytingar eiga sér stað innan kerfisins og hluti einstaklinga innan kerfisins sýnir tregðu gagnvart breytingunum og fjórða stigs mótsetningar birtast þegar breytingar innan eins starfsemiskerfis kalla á breytingar innan annars starfsemiskerfis og samstilling þarf að eiga sér stað milli kerfanna (Engeström og Sannino, 2010; Inga Jóna Jónsdóttir, 2010; Þuríður Jóhannsdóttir, 2010).

Ég nýti hugtakaramma starfsemiskenningarinnar þannig að ég set sjálfa mig og starfendarannsókn mína inn í starfsemiskerfi kennslustofunnar og ég hef að leiðarljósi að skoða togstreitu í starfinu sem grundvöll að breytingum á starfi mínu.

## 4. Aðferðafræði – Starfendarannsókn

### 4.1. Starfendarannsókn


Við í MS byggjum starfendarannsóknir okkar á hugmyndafræði Jean McNiff (2017; 2016) um aðferðafræði starfendarannsókna (action research).



*Mynd 7 Jean McNiff*

McNiff lýsir starfendarannsókn sem hringferli. Fyrsta skrefið er að skoða núverandi starfshætti, annað skrefið er að koma auga á hvað vert er að bæta og ímynda sér hvernig hægt


er að framkvæma það. Þriðja skrefið er að láta á reyna og safna gögnum um breytingastarfið. Fjórða skrefið er að meta þær breytingar sem gerðar voru og breyta verklýsingu í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir. Fimmta skrefið er að halda áfram framkvæmdinni eftir matið og leggja síðan aftur mat á breytta framkvæmd þar til fullnægjandi árangur liggur fyrir og byrja upp á nýtt. Sjá mynd 8 hér fyrir neðan.



Byggt á McNiff, 2016, 2006

Mynd 8 Starfendarannsókn

En starfendarannsóknarhringurinn er ekki lokaður hringur heldur frekar eins og þrívíður spírall með hliðarspírölum. Spírallinn vísar til þess að starfendarannsókn lýkur aldrei, því þegar við höfum fengið bráðabirgðaniðurstöðu í einu viðfangsefni þá hafa vaknað nýjar spurningar sem leita þarf svara við og þá höldum við áfram inn í næsta hring í spíralnum með nýtt efni. Sjá mynd 9.



McNiff, 2019 <https://www.jeanmcniff.com/>

Mynd 9 Starfendarannsóknarspírall

Það má segja að ég hafi farið í gegnum þrjá hringi í þessari starfendarannsókn minni um leiðsagnarnám og námskraft nemenda, fyrsta hringinn skólaárið 2017 til 2018 þegar ég byrjaði á leiðsagnarnáminu og tók þátt í þróunarstarfi kennara í MS um það, næsta hring skólaárið 2018 til 2019 þegar ég jók mikið áherslu á námskraftinn auk þess að halda áfram með leiðsagnarnámið og síðasta hringinn skólaárið 2019-2020 þegar ég hélt áfram að innleiða námsmenningu byggða á leiðsagnarnámi og námskrafti nemenda og reyndi að tengja þetta tvennt saman í eina heild, sjá mynd 10.



Mynd 10 Þrjú starfendarannsóknarhringir við innleiðingu leiðsagnarnáms og námskrafts nemenda

#### 4.2. Rannsóknaraðferðir.

Rannsóknaraðferðir mínar eru kannanir á meðal nemenda, samræður við nemendur, verkefni nemenda og rannsóknardagbók mín. Einnig fæ ég endurgjöf og læri mikið af samræðum við gagnrýninn vin og af samræðum á fundum starfendarannsóknarhóps MS og þróunarhóps um leiðsagnarnám í MS. Það er mikilvægt að nýta fjölbreyttar rannsóknaraðferðir til að afla upplýsinga á margvíslegan hátt og til að sjá viðfangsefnið út frá ólíkum sjónarhornum (Creswell, 2007).

Í lok hverrar annar legg ég skriflega könnun fyrir nemendur þar sem þau leggja mat á námið í áfanganum. Þau eru spurð um álit á helstu nýjungum, hversu mikið eða lítið þau hafi lært af hverri tegund verkefna og hversu skemmtileg eða leiðinleg verkefni séu. Alltaf nema í vor lagði ég kannanirnar fyrir skriflega í síðustu kennslustund annarinnar en í vor var hún lögð fyrir á netinu vegna COVID19 og þá sleppti ég að spyrja um hversu skemmtileg eða leiðinleg þeim fundust verkefni því könnunin var mjög löng og ég hafði áhyggjur af þátttökunni. Sjá

spurningalistann í viðauka 3 í rannsóknarskýrslunni. Ég nota Likert kerfi með 5 svarmöguleikum við hverri spurningu sem hafa vægi frá 1 til 5. Þannig get ég reiknað út vægi fyrir hvern þátt og einnig meðaltöl (Oppenheim, 1992). Þátttaka nemenda var í öllum tilvikum mjög góð eða yfir 90%. Ekki var fengið skriflegt samþykki hjá nemendum fyrir þátttöku í könnunum en ég ræði í fyrstu kennslustund hveurrar annar um starfendarannsókn mína og nefni hana öðru hvoru yfir önnina og hvernig ég nýti verkefni þeirra og önnur gögn í rannsókninni. Einnig leggur skólinn könnun fyrir nemendur í öllum áföngum á námsnetinu, innra kerfi skólans þar sem spurt er m.a. um námsefnið, fjölda verkefna og prófa, nýtingu á námsnetinu og í vor var spurt um fjarnámið á tímum COVID19. Ég hef einnig haft hliðsjón af niðurstöðum þessarar könnunar í minni rannsókn en þar er þátttakan reyndar ekki jafn góð eða 60-70%.

Samræður við nemendur eru mikilvægar bæði til að fá endurgjöf frá nemendum á þær nýjungar sem verið er að prófa og einnig til að veita endurgjöf til nemenda sem er hluti af leiðsagnarnáminu (Black og fl. 2003). Bæði hef ég almennar samræður í kennslustundum á meðan á verkefnavinnu stendur og einnig sérstök hópviðtöl í tengslum við tvö stærri rannsóknarverkefnin sem nemendur vinna. Þar er rætt um rannsóknaráætlun hópsins, viðhorf þeirra til námsmats í áfanganum og Alfa, Beta, Gamma skipulagið sem rætt verður um í niðurstöðukafla skýrslunnar.

Verkefni nemenda og afurðir þeirra gefa skýrar vísbendingar um viðhorf þeirra til nýjunganna og hvernig gengur að innleiða leiðsagnarnám og hugmyndafræðina um námskraftinn. Bæði hvernig verkefnin nýtast til að ná námsmarkmiðunum og hvort nemendur hafi tileinkað sér viðhorf og orðaforða um námskraft sérstaklega í dagbókarskrifum námsvina. Einnig nýti ég verkefnið Hvað hef ég lært í áfanganum? í þeim tilgangi að fá endurgjöf á nám og kennslu í áfanganum. Í vor lagði ég fyrir verkefni þar sem nemendur lýstu kostum og göllum við fjarnámið vegna COVID19 og líðan sinni í fjarnáminu. Svör nemenda í dagbókum námsvina og í þessu verkefni um fjarnámið veita dýpri innsýn í viðhorf nemenda heldur en kannanirnar því hér lýsa þau með eigin orðum viðhorfum sínum og það veitir manni betri skilning á líðan þeirra og viðhorfum.

Ég hélt rannsóknardagbók allan tímann um starfendarannsókn mína. Þar skrifaði ég um það sem ég var að gera í kennslustundum, hvernig mér fannst ganga og um líðan mína með verkefnið. Dagbækur eru mikilvægar í öllum rannsóknum til að lýsa framgangi rannsóknar, breytingum sem gerðar eru á rannsóknaráætlun, söfnun gagna, greiningu gagna og ígrundun

um efnið (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2016). Richardson (2005) setur fram gagnlega skiptingu á tilgangi rannsóknardagbóka í fernt, þ.e. lýsandi, aðferðafræðilegur, kenningarlegur og persónulegur tilgangur. Dagbók þarf að vera lýsandi til að hægt sé að rekja rannsóknarferlið í henni, umfjöllun um aðferðafræðina veitir ráð um næstu skref í rannsókninni, kenningarleg umræða hjálpar til við greiningu gagnanna og til að meta árangurinn. Persónulegar færslur hjálpa manni í gegnum allt ferlið sem og mat og endurmat á ferlinu (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2016).

## 5. Niðurstöður

Á skólaárinu 2017-2018 þegar þróunarverkefnið um leiðsagnarnám hófst í MS var megináherslan á fyrstu lykilaðgerðina um leiðsagnarmat samkvæmt flokkun Black og Wiliam (2001) á lykilaðgerðum leiðsagnarmats, þ.e. að skýra markmiðin og viðmið um árangur með því að setja markmið með öllum verkefnum og útbúa gátlista um mat á stærri verkefnum. Fyrsta verkefnið var að velja eina aðferð í leiðsagnarnámi úr safni Regier, N. (2012). Skólaárið 2018-2019 hélt ég áfram að setja markmið með nýjum verkefnum og uppfæra gátlistana með stærri verkefnum en lagði einnig áherslu á lykilaðgerð fjögur um félagastuðning og samvinnu nemenda með áherslu á námskraftinn og skipulagi um námsvini og hóp dagbók námsvina. Skólaárið 2019-2020 hef ég lagt áherslu á að tengja saman leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Ég hef áfram lagt áherslu á lykilaðgerð fjögur um félagastuðning og samvinnu nemenda og einnig lykilaðgerð þrjú um að veita endurgjöf sem gefur upplýsingar um næstu skref í námi nemenda, t.d. með munnlegri endurgjöf á verkáætlun með stærri verkefnum og lykilaðgerð fimm að stuðla að aukinni ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi sínu. Þetta síðasta gerði ég með áherslu á para- og hóp vinnu og að auka ábyrgð og sjálfstæði nemenda í námi sínu m.a. með umræðum um námsaðferðir og námsaðgerðir og áherslu á stærri verkefni þar sem nemendur hafa meiri áhrif á val á viðfangsefni, val á aðferðum við gagnaöflun og kynningu niðurstaðna. Ég mun nú lýsa nánar þeim aðferðum sem ég notað við innleiðingu námsmenningar um leiðsagnarnám og námskraft nemenda.

## 5.1. Helstu leiðir í leiðsagnarnáminu

Helstu leiðir sem ég hef farið við innleiðingu leiðsagnarnáms í áfanganum FÉLA2KR05 eru eftirfarandi:

- Búa til verkefni með áherslu á hæfni, beitingu þekkingar, sköpun og gagnrýna hugsun nemenda.
- Setja markmið með öllum verkefnum og prófum.
- Þróa gátlista með verkefnum.
- Efla samræður nemenda í umræðum og verkefnavinnum.
- Efla munnlega endurgjöf í kennslustundum.
- Þróa sjálfsmat nemenda.
- Þróa jafningjamat nemenda.
- Hópviðtöl um námsmat í tengslum við tvö stór verkefni.
- Einstaklingsbundin samsetning námsmats, Alfa – Beta – Gamma.
- Mat nemenda á áherslupáttum um leiðsagnarnám og námskraft nemenda og mat á öllum verkefnum nemenda í áfanganum.

Grunnurinn að leiðsagnarnáminu eru fjölbreytt, skapandi verkefni sem nemendur vinna bæði í kennslustundum og utan þeirra. Sjá dæmi um fimm ólík verkefni í viðauka 3, þ.e. Rannsókn á viðhorfum nemenda MS, Samvirkni- átaka- og samskiptakenningar í fréttum, Samskipti á tímum kórónaveirunnar, Fátækt á Íslandi og Teiknimyndasaga. Verkefnin eru búin til í þeim tilgangi að nemendur nái þeim þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum sem sett eru fram í kennsluáætlun áfangans í skólanámskrá MS. Einnig er áhersla á verkefni sem byggjast á umræðum nemenda í litlum hópum um samfélagsleg álitamál sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum og í stjórnkerfi landsins t.d. um breytingu á klukkunni, eignarhald útlendinga á landi, líffæragjöf, matarsóun, umskurð og skilyrði ríkisborgarréttar.

Áður en hægt er að veita endurgjöf til að auka gæði námsins og bæta námið þarf að vera mjög skýrt hvert nemandinn stefnir í náminu. Því er mikilvægt að byrja á því að setja markmið með öllum verkefnum og prófum í áfanganum. Sjá dæmi um námsmarkmið með nokkrum verkefnum í viðauka 3 með skýrslunni. Ég lagði áherslu á að setja markmið með öllum verkefnum bæði þeim sem gilda mikið og lítið í lokamati áfangans. Ennfremur lagði ég áherslu á að hafa fjölbreytt markmið sem snúa að þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum og einnig sem

snúa að námsferlinu, meðnámi (Hafþór Guðjónsson, 2014) og námskraftinum (Claxton, G. 2019, 2018). Námsmarkmiðin skipta miklu máli og einnig að nemendur séu meðvituð um þau fyrirfram. Markmiðin hjálpa nemendum til að verða meðvituð um það sem skiptir mestu máli í náminu og beina athyglinni að því. Markmið tengd meðnámi tel ég mikilvæg t.d. læra að lesa, greina aðalatriði frá aukaatriðum, hlusta á aðra, tjá sig og mynda sér skoðanir á álitamálum.

Ein leið til að útskýra markmiðin fyrir nemendum er að nota gátlista eða matskvarða (rubrics), þar sem settur er fram mælikvarði til að segja til um að hvaða marki markmiðunum sé náð. Þetta gerði ég í tveimur stærstu verkefnum í áfanganum. Sjá gátlista með stórum verkefnum í viðauka 5 með skýrslunni. Bent hefur verið á að með gátlistum aukist einnig líkur á að nemendur finni fyrir hlutdeild eða eignarhaldi á náminu (Steingrímur Birgisson, 2019). En Dylan Wiliam hefur varað við oftrú á því að gátlistar leiði til framfara í náminu því þeir henti oft vel fyrir kennarann til að hafa samræmi í einkunnagjöf en ekki sé öruggt að þeir leiði til framfara í námi nemenda (Wiliam, D. 2018, bls. 73-74). Ég tel þó að gátlistar henti vel til að útskýra þær kröfur sem gerðar eru til nemenda í félagsfræði t.d. varðandi beitingu hugtaka og kenninga og til heimildanotkunar svo sem tilvísana í heimildir og mikilvægi þess að nýta fjölbreyttar heimildir.

Endurgjöf er talin lykilatriði í leiðsagnarnámi til að auðvelda nemendum að ná þeirri hæfni sem þau stefna á að ná (Wiliam, 2018). Hattie og Clarke (2019, bls. 3) benda á að endurgjöf hafi verið skilgreind af Hattie og Timperley (2007) sem upplýsingar sem gefnar eru af aðila, t.d. kennara, sem gefa upplýsingar um tiltekna hegðun eða skilning einstaklings á ákveðnum þætti náms. Endurgjöf eru upplýsingar sem brúa bilið á milli þeirrar hæfni sem nemandinn býr yfir og þeirrar hæfni sem nemandinn stefnir á að ná. Kluger og DeVisi (1996) fundu út að nemendur geta brugðist við á einn af fjórum eftirfarandi vegum þegar þeir fá endurgjöf, þ.e. breytt hegðun sinni, breytt markmiðinu, gefið markmiðið upp á bátinn eða hafnað endurgjöfinni (Hattie og Clarke, 2019 bls. 83). Hattie og Clarke (2019) leggja áherslu á að munnleg endurgjöf á meðan á námsferlinu stendur sé árangursríkasta leiðin fyrir endurgjöf kennara til nemenda. Þau benda einnig á að það sé ekki nóg að veita endurgjöf heldur þarf einnig að kenna nemendum að taka á móti endurgjöfinni, túlka hana, bregðast við henni og taka ákvarðanir um næstu skref í náminu. Til að þetta gangi eftir þarf endurgjöfin að vera veitt á meðan á verkefnavinnunni stendur. Ég hef gert þetta með því að leggja áherslu á að ganga á milli nemenda í kennslustundum og veita endurgjöf og láta nemendur koma undir lok

kennslustunda til að sýna árangur dagsins og fá endurgjöf á vinnuna. Nemendur fá einnig skriflega endurgjöf á öll verkefni sem þau vinna í áfanganum. Einnig er ég byrjuð á því að láta nemendur gera verkáætlun fyrir tvö stærri rannsóknarverkefni og þá fá nemendur bæði skriflega og munnlega endurgjöf á verkáætlunina, sjá nánar um hópviðtöl hér á eftir. Sjá dæmi um eyðublað fyrir verkáætlun fyrir rannsóknarverkefni í viðauka 4.

Sjálfsmat er það nefnt þegar nemandi metur á gagnrýninn hátt eigin verk með hliðsjón af markmiðum og viðmiðum um árangur (Þóra Björk Jónsdóttir, 2008, bls. 49). Fræðimenn telja sjálfsmat mikilvægt í leiðsagnarmati (Hattie og Clarke, 2019; Wiliam, 2018; Black og fl. 2003) og einnig kennarar sem vinna með leiðsagnarmat (Lilja S. Ólafsdóttir, 2009). Ég hef notað sjálfsmat í lok stærri verkefna tvisvar á önn, sjá dæmi í viðauka 6. Jafningjamat nemenda er sambærilegt en þá meta nemendur verk annarra nemenda út frá matsviðmiðum, sjá dæmi í viðauka 7. Ég hef notað jafningjamat í kynningum nemenda á stærri verkefnum en gerði það reyndar ekki í vetur, sjá dæmi í viðauka 7.

Ég byrjaði með námsmatsviðtöl sem hluta af leiðsagnarnáminu þegar ég byrjaði í þróunarhópnum um leiðsagnarmat haustið 2017. Fyrirmyndina sótti ég til Ívars Rafns Jónssonar og Birgis Jónssonar (2015), kennara í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, sem höfðu vörðuvikur tvisvar á önn þar sem þeir tóku nemendur í 10 mínútna einstaklingsviðtöl um nám og námsmat þar sem rætt var um hvað gekk vel og hvað þurfti að bæta bæði í námi og kennslu. Bæði kennararnir Ívar Rafn Jónsson og Birgir Jónsson og rýnihópur 7 nemenda voru sammála um að þessi viðtöl væru góð til að auka traust á milli nemenda og kennara og gæfu upplýsingar um gagnkvæmt mat (2015). Viðtölin sem ég hélt einu sinni á önn þetta skólaár reyndust einnig vel hjá mér til að kynnast nemendum betur en ég taldi þau of tímafrek og breytti þeim í hópviðtöl tvisvar á önn og hef notað viðtölin síðan þá til að veita nemendum munnlega endurgjöf á verkáætlun þeirra fyrir tvö stærri rannsóknarverkefnin, auk þess að ræða um hvernig þau geti bætt sig og um hvernig námsmenn þau eru. Á mynd 11 má sjá nánar þá þætti sem ræddir eru í hópviðtölunum. Í síðara hópviðtali á önn er einnig rætt um val þeirra á alfa, beta, gamma. Ég tel hópviðtölin góð fyrir munnlega endurgjöf og einnig til að byggja upp traust milli mín og nemenda sem er mikilvægur grunnur í leiðsagnarnámi og reynar öllu starfi í kennslustofunni (Hattie og Clarke 2019; Hafdís Ingvarsdóttir 2007). Til að fá betri skilning á viðhorfum hópviðtalanna ætla ég bæta við spurningu um hópviðtölin í matskönnun í lok annar og útbúa verkefni fyrir dagbókina um það.



## Námsmatsviðtal

- Verkáætlun fyrir lokaverkefnið
- Athuga gátlista um mat á lokaverkefni
- Hvernig lærir þú best - námskrafturinn?
- Hvernig getur þú bætt þig?
- Alfa – Beta - Gamma
  - Einstaklingsbundið námsmat
  - Breytilegt hlutfall milli verkefna og prófa?
  - Alfa = 70% verkefni - 30% próf
  - Beta = 80% verkefni -20% próf eins og er í námsáætlun
  - Gamma = 90% verkefni – 10% próf

### Mynd 11 Blað fyrir nemendur í hópviðtali fyrir lokaverkefnið

Ég er að prófa nýjung, námsmat með alfa, beta, gamma sem Ágúst Ásgeirsson (2011) stærðfræðikennari og námskrárstjóri MS þróaði í lokaprófskerfinu en ég er að heimfæra upp á símatið. Þetta er einstaklingsbundin samsetning námsmats. Nemendur velja hvort hlutfallslegt vægi milli verkefna og prófa er 90-10, 80-20 eða 70-30 og fer valið fram rétt eftir miðja önnina. Í hópviðtali um námsmat ræðum við um hvers konar nemendi hver og einn sé, hvort styrkurinn liggir í verkefnavinnu eða próftöku. Meirihluti nemenda eða milli 60 og 70% velja beta eða þá leið sem er kynnt í námsáætlun, 14-25% velja gamma þar sem verkefnavinnan vegur þyngra en prófin en fæstir velja alfa 11-15% þar sem prófin vega þyngra, sjá töflu 3 hér fyrir neðan. Áhrifin hafa eingöngu verið til hækkunar, á haustönn 2018 hækkuðu tveir nemendur á grundvella gamma, einn úr 7,3 í 8 og annar úr 8,3 í 9, á vorönn 2019 hækkuðu tveir nemendur úr 8,4 í 9 á grundvelli alfa og á haustönn 2019 gerðist það sama, tveir nemendur hækkuðu úr 8,4 í 9 vegna alfa áhrifa.

Val nemenda á Alfa – Beta - Gamma:						
	Haustönn 2018		Vorönn 2019		Haustönn 2019	
Alfa	4	14%	8	15%	3	11%
Beta	21	72%	33	62%	18	64%
Gamma	4	14%	12	23%	7	25%

Tafla 3 Val nemenda á alfa, beta, gamma haustönn 2018 til haustönn 2019

## 5.2. Helstu leiðir fyrir námskraft nemenda

Helstu leiðir sem ég nýti til að byggja upp námskraft nemenda í áfanganum FÉLA2KR05 eru eftirfarandi:

- Glærur um námskraftinn.
- Veggspjöld um námskraftinn.
- Dagskrá vikunnar send til nemenda.
- Náms hópar „Námsvínir“.
- Fjölbreyttar leiðir til að raða nemendum í hópa.
- Hópdagbók námsvina.
- Umræður um námsaðferðir, námsupplifun og námsaðgerðir.

Ég kynni fyrir nemendum hugmyndafræðina um námskraftinn (Learning Power Approach) m.a. með glærum, veggspjöldum, samræðum og viðbrögðum við spurningum þeirra. Ég kynni námskraftinn fyrir nemendum í upphafi hvern annar með glærुकynningu sem ég set síðan á námsnetið og vísa öðru hvoru í yfir önnina. Ég útbjó fjögur veggspjöld með áhersluatriðum hugmyndafræðinnar, þ.e. grunnþætti námskraftsins, hvað gerir nemandi með mikinn námskraft, árangursríkur þátttakandi í hópvinnu og hvað er til ráða þegar maður strandar, sjá mynd 12. Efnið er þýtt og staðfært upp úr bókum Claxton um námskraftinn (2019, 2018). Veggspjöldin voru hengd upp í kennslustofunni þar sem ég kenni og einnig fengu nokkrir aðrir kennarar að setja þau upp í sínum stofum. Veggspjöldin voru einnig sett upp á gangi í skólanum og á skjalasafn starfsmanna á námsnetinu, innra neti skólans.

Markmið eru sett með öllum verkefnum eins og áður hefur verið fjallað um og legg ég áherslu á að setja alltaf markmið sem tengjast námskraftinum og meðnámi og sérstök áhersla er lögð á seiglu eða þrautseigju nemenda. Markmið tengd námskrafti og meðnámi beina athyglinni meira beint að námi nemenda og ferlinu að „læra að læra“. Þau geta aukið umræðu nemenda um námið og aukið orðaforða nemenda um nám sitt sem gæti síðan aftur aukið námskraft þeirra.

Dagskrá vikunnar er sett á námsnetið á föstudögum og send til nemenda og forráðamanna þeirra í gegnum Innu á sunnudögum. Þar er tilgreint hvaða efni verður tekið fyrir, heimanám, verkefni og eitthvað um námskraftinn. Þetta er gert til að auðvelda

nemendum að skipuleggja tíma sinn vel og efla sig sem skipulagða námsmenn. Þar er einnig alltaf hvatning tengd námskraftinum.



Mynd 12 Veggspjöld um námskraft nemenda

Settir voru á fót námshópar sem kallaðir eru námsvinir og voru fjórir nemendur í hverjum námshópi. Þeir eru valdir saman þannig að hver og einn tilnefni einn námsvin og annan til vara og síðan raða ég saman og reyni að tryggja að hver nemandi hafi a.m.k. einn námsvin sem hann/hún hefur tilnefnt sem námsvin í sínum námsvinahópi. Reynt er að veita öryggi með því að leyfa nemendum stundum að vinna með námsvini sem nemandi tilnefni. Stundum vinna námsvinir saman sem hópur, stundum sem pör en stundum raða ég saman í hópa á annan hátt til að blanda nemendum vel saman t.d. læt þau draga miða, eftir stafrófsröð eða afmælisdegi. Markmiðin með námshópunum eru m.a. að efla samræður nemenda um nám og námsmat, gera nemendur meðvitaðri um sig sem námsmenn, þróa tungutak um nám og námsmat, efla félagsfærni, viljann til að hjálpa öðrum og bæta námsárangur nemenda. Markmiðið er að veita nemendum öryggi með því að vinna með námsvinum og einnig að nemendum þyki sjálfsagt að allir geti unnið með öllum nemendum í áfanganum sem talið er mikilvægt í verkefnabundnu námi (Claxton, G., 2018; William, D. 2018).

Námsvinir halda hópdagbók þar sem þau fjalla um námið sitt og beita hugtökum um námkraftinn og námsaðferðir sínar. Áhersla er lögð á að nemendur læri að læra og geti hugsað og rætt um nám sitt og námsaðferðir sínar. Þau skrifa öðru hvoru í dagbókina, gjarnan í lok tíma til að meta námið í kennslustundinni eða vikunni á undan. Þau ræða og skrifa m.a. um námsmarkmiðin, heimanámið og námsaðferðir sínar. Þau fylla einnig út sérstök eyðublöð um námsupplifun sína, sjá viðauka 7 og velja úr lista til að ræða um námsaðgerðir sínar (Hattie, J. og Clarke, S. 2019), sjá viðauka 8. Sjá þrjú dæmi um verkefni fyrir dagbókarfærslur í viðauka 9 í skýrslunni.



Mynd 13 Dæmi um dagbókarfærslur námsvina

### 5.3. Starfsemiskerfi kennslustofunnar

Á mynd 14 hér fyrir neðan sést hvernig ég beiti starfsemiskenningunni í rannsókn minni, set sjálfa mig inn í starfsemiskerfi kennslustofunnar, greini togsteitu sem er merkt með eldingum og tilgreini í boxunum hvaða verkfæri ég nýti, hvaða þættir hafa áhrif á mig félagslega þ.e. reglur, samfélag og verkaskipting og hver útkoman er.

Að greina togstreitu í starfinu er mjög mikilvægt því það getur kallað á breytingar á starfsháttum. Leiðsagnarnámið og verkefnabundið nám hefur aukið virkni nemenda í

kennslustofunni og þar með minnkað togstreitu innan starfsemiskerfisins á milli verkfæra og náms nemenda. Togstreitan um val nemenda í hópa hefur minnkað mikið með skipulaginu um námsvini. Nemendur eru sáttari við að vinna með hverjum sem er á milli þess að fá að vinna með námsvinum að verkefnum. Ég hef ekki leyst togstreitu á milli geranda og reglna en hef ákveðið að fækka efnispáttum á næsta skólaári, þ.e. sleppa samskiptum og félagslegri lagskiptingu og fara meira á dýptina með félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir. Ég ætla einnig að feta mig í þá átt að gefa ekki einkunnir fyrir lítil virkniverkni nema í miðannarmati og lokamati í lok annarinnar.



Mynd 14 Leiðsagnarnám og námskraftur í starfsemiskerfi kennslustofunnar

#### 5.4. Mat nemenda á námi í FÉLA2KR05 og þróun námsins


Það er mikilvægt í leiðsagnarnámi að endurgjöfin sé ekki einhliða heldur gagnkvæm (Wiliam, 2018). Einnig tel ég mikilvægt að nemendur fái að vita hvernig mat þeirra hefur haft áhrif á þróun námsins í áfanganum þannig að þau treysti því að þeirra álit skipti máli og hafi áhrif. Nemendur leggja mat á námið í áfanganum í lok annarinnar með skriflegri könnun. Þau eru spurð um álit á helstu nýjungum, hversu mikið eða lítið þau hafi lært af hverri tegund verkefna og hversu skemmtileg eða leiðinleg verkefni eru, sjá spurningalista haustannar 2019 í viðauka

7. Ég nota Likert kerfi með 5 svarmöguleikum við hverri spurningu sem hafa vægi frá 1 til 5 og reikna út meðaltal fyrir hverja spurningu. Einnig skoða ég dreifingu svara við hverri spurningu. Í töflu 4 hér fyrir neðan má sjá niðurstöður þ.e. meðaltöl fyrir hverja spurningu síðustu þrjú skólaárin frá haustönn 2017 til vorannar 2020 en ég hef kennt á tveimur önnum af þremur þann tíma. Hér fyrir neðan má einnig sjá myndir 15, 16, 17 og 18 þar sem sýnd eru meðaltöl fyrir spurningar um nýjungar og hversu mikið eða lítið nemendur læri af verkefnum á hverri önn fyrir sig síðustu tvö skólaárin frá haustönn 2018 til vorannar 2020. Þar er auðveldara að bera saman mat einstakra þátta og sjá hvað helst sker sig út úr heildarmyndinni.


Á töflu 4 á næstu blaðsíðu sést að margir þættir koma vel út í matinu allar annirnar sem spurt er um þá þætti t.d. gátlistar, hugtakalistar, alfa, beta, gamma, áhersla á námskraftinn, námsvinnur (þrjár annir), röðun í hópa (fjórar annir) stærri verkefni þ.e. rannsóknarverkefni og valverkefni, heimapróf (tvær annir), próf í tíma með gögnum (4 annir) og markmið með verkefnum nema fyrstu önnina. Aðrir þættir koma illa út og hef ég reynt að hætta með þá eða breyta þeim í samráði við nemendur t.d. ferð á listasafn, kynning á hugtaki, kenningar í dagblöðum, lestrardagbók, teiknimyndasaga og dagbók námsvina. Próf án gagna kemur ekki vel út en ég hef þó ekki gefið þau alveg upp á bátinn því það er almenn trú í félagsgreinadeildinni í MS að það gagnist nemendum að hafa ákveðinn þekkingargrunn í fagi sem þau þurfi að geta lýst án notkunar heimilda. Próf eru talin gagnleg í leiðsagnarmati ef þau eru nýtt í þeim tilgangi að vera leiðsegjandi og til að gefa nemendum upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru í áfanganum til hæfni nemenda (Leahy og fl. 2005). Veggspjöld um námskraftinn hafa ekki verið talin mjög gagnleg en það þýðir að mínu mati að ég þarf að nýta þau oftar til að benda á gagnsemi þeirra.

Matsþáttur	Tegund svarmöguleika	Haut 17	Vor 18	Haut 18	Vor 19	Haut 19	Vor 20
Markmið með verkefnum	Gagnlegt - ógagnlegt		3,6	4,2	4,1	4,2	4,2
Gátlistar	Gagnlegt - ógagnlegt		4,3	4,6	4,8	4,6	4,2
Alfa-Beta-Gamma	Hlynt/ur - andvig/ur		4,3	4,3	4,6	4,6	
Áhersla á námskraftinn	Mikilvæg - léttvæg		3,9	4,2	3,9	4,1	4,0
Veggspjald um námskraftinn	Gagnleg - ógagnleg				3,3	3,6	3,8
Námsvinir	Ánægð/ur - óánægð/ur				4,0	4,3	4,3
Sjálfsmat	Ánægð/ur - óánægð/ur		3,6	4,4			
Jafningjamat	Ánægð/ur - óánægð/ur		3,8	4,4			
Röðun í hópa	Ánægð/ur - óánægð/ur			3,9	4,1	4,4	4,3
Dagbók námsvina	Ánægð/ur - óánægð/ur					4,0	4,1
Dagskrá vikunnar í tölvupósti	Ánægð/ur - óánægð/ur						4,7
Tímar á Teams	Ánægð/ur - óánægð/ur						4,4
Valverkefni - lokaverkefni	Mikið eða lítið lært af	4,4	4,1	4,4	4,3	4,5	3,9
Rannsóknarverkefni	Mikið eða lítið lært af		3,9	4,6	4,3	4,5	4,2
Rannsóknarstofnun	Mikið eða lítið lært af	3,7					
Hugtakalistar	Mikið eða lítið lært af	4,4	4,1	4,2	4,1	4,2	4,4
Veggspjald um frumkvöðul	Mikið eða lítið lært af					4,1	4,1
Kynning á hugtaki	Mikið eða lítið lært af	3,8	3,6	2,6	3,1		
Val á rannsóknaraðferð	Mikið eða lítið lært af			3,9	4,1	4,1	3,8
Kenningar í dagblöðum	Mikið eða lítið lært af	3,0	2,8	3,3	3,0		
Kenningar og fréttir í fjölmiðlum	Mikið eða lítið lært af						3,7
Spurningar um aðferðir og kenningar	Mikið eða lítið lært af						3,7
Samskipti á tímum COVID19	Mikið eða lítið lært af						3,7
Sýning á listasafni	Mikið eða lítið lært af	2,6	3,2				
Samskiptakenning í dagblöðum	Mikið eða lítið lært af			3,1			
Kenningar og menntun	Mikið eða lítið lært af				3,7		
Kenningar um valin efni	Mikið eða lítið lært af					4,0	
Teiknimyndasaga	Mikið eða lítið lært af	2,7	3,2	4,0	3,1	3,4	
Semja prófspurningar	Mikið eða lítið lært af	4,1	4,3	3,8	3,9	4,1	
Umræður um álitamál	Mikið eða lítið lært af		3,6	3,8	3,8	3,6	3,7
Toosie og samskipti	Mikið eða lítið lært af		3,2				
Fátækt	Mikið eða lítið lært af			3,7	4,0	3,6	4,3
Lagskipting og kenningar	Mikið eða lítið lært af	4,2	4,0	4,1	3,8		
Félagsleg lagskipting	Mikið eða lítið lært af						3,9
Heimapróf	Mikið eða lítið lært af	4,5	4,5				
Próf í tíma með gögnum	Mikið eða lítið lært af		4,4	4,3	4,6	4,6	
Próf í tíma án gagna	Mikið eða lítið lært af	3,8	3,6	4,6	3,1	3,6	
Krossapróf á námsnetinu	Mikið eða lítið lært af						3,8
Sjálfsmat	Mikið eða lítið lært af	3,8	3,3	3,7	3,6	3,6	4,0
Jafningjamat	Mikið eða lítið lært af	3,6	3,0	3,6	3,6		
Hvað kann ég	Mikið eða lítið lært af		3,4	3,3	3,5	3,6	4,0
Hvað er félagsfræði	Mikið eða lítið lært af		3,8	3,9	3,8	4,0	3,9
Dagbók námsvina	Mikið eða lítið lært af				2,9	3,6	3,4
Lestrardagbók	Mikið eða lítið lært af		3,3	3,3			
Námsupplifun	Mikið eða lítið lært af			4,1	4,0	4,0	3,5
Valverkefni - lokaverkefni	Skemmtilegt - leiðinlegt	4,4	3,7	4,2	4,5	4,0	
Rannsóknarverkefni	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,4		4,4	4,3	4,1	
Rannsóknarstofnun	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,5					
Hugtakalistar	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,7	3,4	2,9	3,7	2,8	
Veggspjald um frumkvöðul	Skemmtilegt - leiðinlegt					3,7	
Kynning á hugtaki	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,5	3,4	3,4	2,9		
Val á rannsóknaraðferð	Skemmtilegt - leiðinlegt			2,9		3,7	
Kenningar í dagblöðum	Skemmtilegt - leiðinlegt	2,9	2,3	2,9	3,1		
Ljósmyndasýning í Hörpu	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,4				
Sýning á listasafni	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,5					
Kenningar og menntun	Skemmtilegt - leiðinlegt				3,8		
Kenningar um valin efni	Skemmtilegt - leiðinlegt					3,8	
Teiknimyndasaga	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,7	3,0	4,0	4,0	4,3	
Semja prófspurningar	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,7	3,6	3,7	3,8	3,9	
Umræður um álitamál	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,6	3,8	3,9	3,5	
Toosie og samskipti	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,2				
Fátækt	Skemmtilegt - leiðinlegt			3,7	4,1	3,9	
Lagskipting og kenningar	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,1	3,6	4,0	3,7		
Heimapróf	Skemmtilegt - leiðinlegt	4,5	3,9				
Próf í tíma með gögnum	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,9	4,2	4,6	4,1	
Próf í tíma án gagna	Skemmtilegt - leiðinlegt	2,8	3,2	3,3	2,4	3,0	
Sjálfsmat	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,8	3,2	4,2	3,8	3,6	
Jafningjamat	Skemmtilegt - leiðinlegt	3,7	3,1	3,7	3,8		
Hvað kann ég	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,6	3,8	3,9	3,5	
Hvað er félagsfræði	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,5	3,8	3,9	3,4	
Dagbók námsvina	Skemmtilegt - leiðinlegt			3,2	3,3	3,5	
Námsupplifun	Skemmtilegt - leiðinlegt			4,2	4,1	3,9	
Lestrardagbók	Skemmtilegt - leiðinlegt		3,2				

Tafla 4 Mat nemenda á Kenningum og rannsóknaraðferðum haustönn 2017 til vorönn 2020




Mynd 15 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á haustönn 2018




Mynd 16 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á vorönn 2019



Í ljósi mats nemenda og í anda leiðsagnarnáms ákvað ég að fækka prófum úr þremur í tvö á haustönn 2019 og veita þá meira rými fyrir verkefnavinnu. Ákvað ég einnig að hafa stíganda í mati á verkefnum, hafa rannsókn 10% og auka vægi valverkefnis-lokaverkefnisins í 15%. Nemendur lögðu þetta til á miðri vorönn 2019 og ég lagði fyrir örkönnun og mikill meirihluti var fyrir þessu hjá nemendum. Ég breytti valverkefninu í 15% á vorönn og endaði því með 105% námsmat. Á haustönn 2019 bætti ég einnig við 5% verkefni sem unnið var í fyrstu tveimur vikum annarinnar, Veggspjald um frumkvöðul. Út frá mati nemenda ákvað ég að hætta með verkefnið kynning á hugtaki sem gildi 1% og einnig að hætta með verkefnið kenningar í dagblöðum því í mati nemenda á öllum önnum kom í ljós að nemendum finnst það verkefni ekki mjög gagnlegt (2,8-3,3) og frekar leiðinlegt (2,3-3,1). Ákvað í staðinn að stækka önnur verkefni um beitingu kenninga, þ.e. kenningar um menntun og kenningar um lagskiptingu úr 2% í 4% og gefa rýmri tíma fyrir þau verkefni, þ.e. 2 x 120 mínútur í stað 120 mínútur eða tvær kennslulotur í stað einnar. Þetta kom vel út að mínu mati og mat nemenda virtist benda í sömu átt.



Mynd 17 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á haustönn 2019



Mynd 18 Mat nemenda á námi í Kenningum og rannsóknaraðferðum á vorönn 2020

Töluverðar breytingar urðu á milli anna skólaárið 2019-2020 út af COVID19. Fjarkennsla tók við í mars og út önnina. Við þessar breytingar fluttust allar kennslustundir á netið á Teams og verkefnavinnan breyttist nokkuð t.d. voru fleiri einstaklingsverkefni. Sum verkefni tengdi ég við málefni COVID19, sleppti dagbók námsvina, teiknimyndasögu og litlum virkniverkefnum um námsupplifun, prófin breyttust í krossapróf á námsnetinu. Ég kynnti efnið með glærum á Teams en las einnig texta inn á allar glærur þannig að nemendur gætu hlustað á hann á öðrum tíma og hlustað aftur þegar þau væru að vinna verkefni. Öllum verkefnum var skilað rafrænt á námsnetinu og nemendum var boðið að vinna verkefni á OneDrive þar sem ég gat veitt skriflega endurgjöf en aðeins hluti nemenda nýtti sér það tilboð.

Í lok könnunarinnar er opin spurning: Annað sem þú vilt koma á framfæri við kennarann? Sjö til fjórtán nemendur skrifa í hvert sinn. Þetta eru yfirleitt jákvæðar athugasemdir og nemendur að þakka fyrir sig. Mest er bent á gott skipulag en einnig fjölbreytni, góðar útskýringar, námið skemmtilegt. Einnig er bent á það sem má betur fara t.d. fleiri einstaklingsverkefni, dagbókin leiðinleg, að betra væri að auka stærri verkefni, skildi ekki tilgang með sumum verkefnum.

„Mjög skemmtilegt í tíma.“ (haustönn 2017)

„Mjög skemmtilegur og fræðandi áfangi með mikinn fjölbreytileika í námi.“  
(haustönn 2018)

„Ég kann að meta það að það skipti þig máli hvernig okkur finnst námið, hvað okkur finnst skemmtilegt og að okkur gangi sem best.“ (vorönn 2019)

„Mjög áhugaverður en krefjandi áfangi. Margt sem kom mér á óvart og mikilvægt var að taka alltaf þátt og vera virkur.“ (haustönn 2019)

„Mér fannst ég læra mjög mikið af þessum áfanga og fannst öll verkefni mjög góð og krefjandi en mér fannst dagbók námsvina ekki mjög gagnleg alla vega ekki núna þar sem þetta ástand var.“ (vorönn 2020)

„Áfanginn sjálfur var mjög vel skipulagður og auðvelt var að fylgja kennara í tíma. Verkefni voru mjög fín og hægt að styðja sig við þau þegar það kom að prófum. Eina sem mér fannst geta bætt var aukin sjáfstæð vinna og kostur að geta unnið stór verkefni, eins og lokaverkefnið, stundum hentar það einstaklingum betur. Annars var allt upp á 10.“ (vorönn 2020)

Ég nýti einnig aðrar aðferðir en könnunina til að fá endurgjöf frá nemendum um nám og kennslu því ég tel mikilvægt að nýta bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir við matið. Það er mjög gagnlegt að fá mat þar sem nemendur lýsa með eigin orðum upplifun sinni af náminu því það dýpkar skilning minn á henni. Ég nýti dagbók námsvina, virkniverkefnið námsupplifun, verkefnið hvað hef ég lært í áfanganum? og á vorönn 2020 hafði ég einnig sérstakt matsverkefni „Hverjir eru kostir og gallar við fjarnámið í MS og hvernig líður þér með námið núna í áfanganum FÉLA2KR05?“ Þetta mat staðfestir í raun niðurstöður könnunarinnar og ég fæ útskýringar bæði á því sem nemendur kunna vel að meta og því sem þeim finnst ganga illa. Ég fæ útskýringar á því hvers vegna nemendur velja alfa, beta eða gamma, samanber eftirfarandi tilvísanir í dagbækur námshópa í apríl 2019.

„Ég valdi Alfa því ég hef fengið betri einkunnir í prófunum heldur en í sumum verkefnum þar sem ég er í hópum.“

„Við völdum okkur allar Beta því við erum nokkuð jafnar í námsefni og okkur finnst einfaldast að hafa þetta eins og það er.“

„Ég valdi Gamma vegna þess að mér gengur betur í verkefnum en prófum og mér fannst það öruggari kostur.“

„Völdum Gamma vegna þess að manni gengur ekki alltaf vel í prófum út af stressi og þess vegna ættu verkefni okkar að gilda meira.“

„Ég vil Gamma því ég er með prófkvíða.“

Í lok annarinnar kom fram að nemendur kunnu að meta alfa, beta, gamma, meðaltal 4,6 og sumir tengja það við aukið sjálfræði í námi.

„Það er gott að við höfum tækifæri til þess að hafa áhrif á okkar nám t.d. alfa, beta, gamma.“ (dagbók 17.5.2019)

Stundum koma fram andstæð sjónarmið innan nemendahópsins gagnvart einstaka þáttum eins og eftirfarandi tilvísanir í dagbók námsvina frá maí 2019 sýna um afstöðu nemenda til þess að skrifa dagbók en þessa önn var meðaltalið 2,9 um gagnsemi dagbókarinnar.

„Dagbókin er fín, alveg ágætt að skrifa í hana en það hefur ekkert haft áhrif á lærdóminn okkar“.

„Okkur fannst dagbókin frekar óþarfi, notuðum hana mjög sjaldan. Okkur fannst þó námsvinir mjög sniðugt, maður lærir mest á umræðum“.

„Það er ágætt að halda svona dagbók og muna hvað maður lærði“.

„Dagbókin er skemmtileg leið til að halda utan um tilfinningar námsvinanna“.

Næstu önn á eftir reyndi ég að hafa fleiri og fjölbreyttari færslur í dagbók námsvina og matið hækkaði í 3,6 að meðaltali. En áfram komu fram ólík viðhorf til dagbókarinnar á haustönn 2019.

„Nú þegar önnin er að klárast er skemmtilegt að geta skoðað fyrri blaðsíðurnar í dagbókinni og séð hvað við erum búnar að vera að læra í áfanganum þannig að við mælum með að halda áfram með dagbókina“.

„Dagbóarskrifin eru bara mjög fín. Þau hjálpa okkur ekki við kennslu en kannski kennaranum“.

Mig langar til að þróa dagbókina áfram, finna fjölbreyttari verkefni t.d. um orðaforða um námskraftinn og breyta heitinu á henni í logbók sem er meira lýsandi.

## 6. Kynningar á niðurstöðum rannsóknar um leiðsagnarnám og námskraft

Eftirfarandi er listi yfir þær kynningar sem ég hef haldið eða verða haldnar um starfendarannsókn mína um leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Tíu kynningar hafa þegar farið fram, fjórar eru fyrirhugaðar í haust og ein á næsta ári. Einnig hef ég í hyggju að skrifa grein um rannsókn mína sem verður byggð á þessari rannsóknarskýrslu og erindi mínu á Menntakviku í haust.

1. Fyrirlestur um þróunarverkefni MS um leiðsagnarmat fyrir grunnskólakennara í Reykjavík í þróunarverkefni um leiðsagnarmat. 6. 3. 2018.
2. Erindi „Modalities of learning through action research“ á ráðstefnu CARN Collaborative Action Research Network í Manchester á Englandi 25. til 27. 10. 2018.
3. Fyrirlestur um starfendarannsóknir og leiðsagnarnám á námskeiðinu Námskrá og skólaþróun í framhaldsskólum á menntavísindasviði HÍ. 28.3.2019.
4. Fyrirlestur um starfendarannsóknir fyrir starfsþróun í MS á alþjóðlegri ráðstefnu Delta-Kappa-Gamma 27. 7. 2019.
5. Kynning á fræðslufundi starfsmanna í MS um Námskraft nemenda á vorönn 2019.
6. Erindi með Þóru Víkingsdóttur líffræðikennara um starfendarannsóknir okkar um leiðsagnarnám í MS 15. 5. 2019.
7. Erindi um leiðsagnarnám á ráðstefnu um framhaldsskólann Menntun til framtíðar í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 20. 9. 2019.
8. Fyrirlestur um Námskraft nemenda á fundi allra starfsmanna MS „Nám í MS“ á Hótel Glym í Hvalfirði 23. 10. 2019
9. Erindi um starfendarannsóknir í MS sem tækifæri til starfsþróunar og rannsókn mína á innleiðingu leiðsagnarnáms á fundi Alfa og Lambda deilda í Delta-Kappa-Gamma í Hofstaðaskóla í Garðabæ 7. 11. 2019
10. Fyrirlestur um leiðsagnarnám og námskraft nemenda á námskeiðinu Námskrá og skólaþróun í framhaldsskólum á menntavísindasviði HÍ 2. 4. 2020. Flutt á Zoom.
11. Fyrirhugaður er fyrirlestur um leiðsagnarnám og námskraft nemenda á fundi þróunarhóps kennara um leiðsagnarnám í FG 13. 8. 2020
12. Fyrirhuguð er kynning og samræður við kennara í félags- og viðskiptagreinum í þróunarhópi um leiðsagnarnám í FG 17. 8. 2020

13. Fyrirhugað er erindi um leiðsagnarnám og námskraft nemenda á Menntakviku menntavísindasviðs Háskóla Íslands 2. 10. 2020.
14. Fyrirhugaður er fyrirlestur um starfendarannsóknir og leiðsagnarnám á fundi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur, 5. 10. 2020.
15. Fyrirhugað er erindi „Formative assessment and student learning power“ á ráðstefnu CARN Collaborative Action Research Network í Dundee í Skotlandi 1. - 3. október 2021 (ráðstefna sem frestað var um ár vegna kórónuveirunnar).

## 7. Umræður

Í töflu 7 hér á næstu blaðsíðu tek ég saman helstu niðurstöður mínar með yfirliti yfir helstu aðferðir sem ég hef notað við innleiðingu leiðsagnarnáms og námskrafts út frá fimm lykilaðgerðum leiðsagnarmats samkvæmt flokkun Dylan Wiliam (2018; 2013; Black and Wiliam, 2009).

Í niðurstöðukaflanum hér á undan hef ég útskýrt og líst því ferli sem ég fór í gegnum til að ná markmiðum starfendarannsóknar minnar m.a. að innleiða leiðsagnarnám, þróa námsmenningu sem byggir upp námskraft nemenda, byggja upp skapandi og gagnrýnið verkefnabundið nám og fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Ég hef gert þetta á fjölbreyttan hátt í gegnum verkefnabundið nám með áherslu á virkni og ábyrgð nemenda á námi sínu sem er kennslufræðin sem við í MS höfum að leiðarljósi. Ég tel mig því hafa svarað rannsóknarspurningum mínum um hvernig ég get eftt mig faglega í starfi með innleiðingu leiðsagnarnáms, hvernig ég geti þróað menningu um námskraft nemenda og hvert mat nemenda sé á einstökum þáttum leiðsagnarnámsins og námsmenningarinnar um námskraftinn. Ég tel að leiðsagnarnámið og áherslan á námskraftinn hafi ýmsa kosti svo sem að aukna virkni nemenda, meiri jákvæðni í samskiptum, betri hópanda og jákvæðara viðhorf nemenda til námsins. Þó þetta ferli sé hafið hef ég alls ekki lokið innleiðingu menningar um leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Það gerist líklega ekki fyrr en allur skólinn verður búinn að að gera þetta að sinni stefnu og nemendur farnir að vinna samkvæmt þessari menningu í öllum námsgreinum.

Það er einnig ýmislegt sem ég þarf að bæta hjá mér. Til dæmis hef ég áhuga á að fjölga stærri verkefnum t.d. með því að stækka litlu verkefni. Núna tel ég betra að hafa litlu hópverkefni færri og stærri, láta þau gilda 4% í stað 2% og hafa kynningu í lokin. Þá leggja nemendur sig meira fram við vinnuna, læra meira því þau öðlast dýpri skilning á efninu og læra

efnið betur þegar þau þurfa að kynna það í lokin. Nemendur verða jákvæðari gagnvart verkefnavinnunni sem eykur námkraftinn þeirra. Ég hef einnig áhuga á að bæta endurgjöfina hjá mér með áherslu á munnlega endurgjöf og prófa fleiri útgáfur af útgönguverkefnum. Ég vil finna leið til að hafa tvö hópviðtöl á meðan á vinnu við stærri verkefni stendur og gefa þá endurgjöf á verkefnið þegar það er langt komið. Ég vil hætta að tala um dagbækur, finna nýtt hugtak, ef til vill logbók. Ég vil spyrja um mat nemenda á hópviðtölunum í könnuninni og láta þau skrifa um þau í dagbókina.

Markmiðasetning með verkefnum og prófum hefur gefið góða raun og nú vil ég einnig prófa að setja markmið með hverri kennslustund til að finna út hvað er mikilvægast að gera í hverri kennslustund og þá bæði út frá hæfnimarkmiðum tengdum námsefninu sjálfu og einnig út frá meðnáminu og námskraftinum til að auka meðvitund nemenda um nám sitt og námsaðferðir sínar.

Mesta togstreitan sem ég glími við núna er í kringum endurgjöfina. Ég er mjög föst í einkunnagjöfinni og skriflegri endurgjöf sem er mjög tímafrek en fræðin segja okkur að munnleg endurgjöf sé miklu árangursríkari og að mikil óvissa ríki um það hvort nemendur lesi ábendingarnar og læri af þeim (William, 2018; Hattie og Clarke, 2019). Það er erfitt að þróa munnlega endurgjöf í kennslustundum í 28 manna nemendahópi en ennþá erfiðara var það í fjarnáminu á vorönn 2020. Kórónuveiran og fjarkennslan í kjölfarið hafði mikil áhrif á vorönn 2020. Í fjarkennslunni lagði ég mesta áherslu á skriflega endurgjöf við öll verkefni á námsnetinu. Einnig reyndist vel að nýta forritið OneDrive til að skrifa ábendingar inn í verkefnið á meðan á vinnu nemenda stóð. En þeir nemendur sem mesta þörf höfðu fyrir leiðsögn unnu ekki verkefni þar. En einnig var hægt að veita munnlega endurgjöf á Teams og var best að nýta þá leið með því að setja upp fundi með litlum hópum sem voru að vinna saman að stórum verkefnum. En vonandi snúum við aftur í kennslustofuna í haust og þá gefst tækifæri til að prófa fleiri aðferðir við munnlega endurgjöf.

<b>Helstu lykilaðgerðir leiðsagnarmats:</b>	<b>Helstu aðferðir mínar við innleiðingu leiðsagnarnáms og námskrafts:</b>
1. Skýra námsmarkmið og viðmið um árangur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja markmið með öllum verkefnum og prófum</li> <li>• Útbúa gátlista um mat á stærri verkefnum</li> </ul>
2. Nýta spurningar og samræður markvisst	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skapa aðstæður í kennslustofunni fyrir upplýsingaflæði</li> <li>• Kanna hvað nemendur vita um efnið</li> <li>• Spyrja opinna spurninga</li> <li>• Hugtak á vegg – nemendur skrifa dæmi</li> <li>• Skrifa á blöð – henda á milli – lesa upp</li> <li>• Umræður í hópum um álitamál</li> </ul>
3. Veita endurgjöf	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hópviðtöl - Endurgjöf á verkáætlun með stærri verkefnum</li> <li>• Munnleg endurgjöf á verkefnavinnu í tímum</li> <li>• Skrifleg endurgjöf á öllum verkefni</li> <li>• Mat nemenda á námi og kennslu</li> </ul>
4. Félagastuðningur og samvinna milli nemenda	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Námsvínir</li> <li>• Hópdagbók</li> <li>• Áhersla á para- og hópverkefni</li> </ul>
5. Ábyrgð og sjálfstæði nemenda	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Val á efni og aðferðum</li> <li>• Umræður um námsaðferðir, námsupplifun og námsaðgerðir</li> <li>• Verkáætlun með stærri verkefnum</li> <li>• Sjálfsmat</li> <li>• Jafningjamat</li> <li>• Dagskrá vikunnar</li> <li>• Alfa - Beta - Gamma</li> </ul>

Tafla 5 Aðferðir við innleiðingu leiðsagnarnáms út frá fimm lykilaðgerðum leiðsagnarmats



Jafningjamat hefur einnig reynst erfitt hjá mér. Það er erfitt í framkvæmd, bæði tímafrekt og mikil handavinna við útreikninga auk þess sem matið er alltaf mjög gott. Rýnihópur nemenda um námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga hafði kannski skýringuna á því en þau sögðu um jafningjamat:

Þau segja að það sé enn erfiðara að gera jafningjamat heldur en sjálfsmat. Þau gefi háar einkunnir því maður vill ekki vera leiðinlegur. Það sé erfitt að horfa framan í vini sína ef maður hefur gefið viðkomandi lága einkunn. Þau voru þó sammála því að jafningjamat ætti að gefa kennurum aðra sýn á verkefni nemenda. Því betur sjá augu en auga (Berglind Axelsdóttir, 2009).

En ég stefni á að þróa jafningjamat áfram og langar að prófa að láta nemendur fara yfir paraverkefni hjá hvort öðru t.d. hugtakalista og útbúa þá góðan gátlista sem þau geta unnið út frá við matið. Þá vaknar spurningin, eiga þau að gefa einkunn eða eingöngu umsögn? Þarna kemur sú togstreita enn og aftur fram.

Á næsta skólaári ætla ég að prófa nýja tegund verkefna út frá sjónrænni félagsfræði þar sem nemendur taka ljósmynd og beita félagsfræðilegu innsæi og nýta félagsfræðihugtök og kenningu til að fjalla um efni hennar (Viðar Halldórsson, 2019). Viðfangsefnið í verkefninu gæti til dæmis verið afleiðingar kórónuveirunnar á íslenskt samfélag. En fyrst mun ég hafa litla æfingu í kennslustund þar sem ég læt þau fá ljósmynd til að túlka og ég geng á milli og veiti munnlega endurgjöf og einnig fá þau lesefni og dæmi um aðferðina.

Þetta tónar vel við þá ákvörðun mína að þrengja námsefnið á næsta skólaári í áfanganum FÉLA2KR05 við efnið um félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir eins og heiti áfangans gefur tilefni til og dýpka umfjöllun um þá námsþætti. Þetta kallar á aukna áherslu á verkefni sem þjálfa hæfni nemenda í að beita hugtökum og kenningum í félagsfræði og leikni í að beita rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar. Ég mun skipta um kennslubók á næstu haustönn þar sem fjallað er ítarlega um kenningar og rannsóknaraðferðir í félagsfræði og breyta glærum, hugtakalistum, verkefnum og prófum í samræmi við þessar áherslubreytingar.

## 8. Lokaorð

Ég tel að leiðsagnarnámið og áherslan á námskraftinn hafi ýmsa kosti t.d. aukna virkni nemenda, meiri jákvæðni í samskiptum, betri hópanda og jákvæðara viðhorf nemenda til námsins. Rannsóknir hafa einnig sýnt að leiðsagnarnám bæti námsárangur nemenda þó ég hafi ekki mælt það sjálf. Margar nýjunganna fá jákvæð viðbrögð nemenda í könnunum og verkefnum þeirra. En ég hef einnig upplifað togstreitu í starfinu sérstaklega við að veita munnlega endurgjöf og hversu tímafrek samning og yfirferð skriflegra verkefna er. Á næsta skólaári stefni ég að því að halda áfram að leggja áherslu bæði á leiðsagnarnám og á námskraftinn, fækka námsþáttum og skipta um kennslubók. Ég þarf að finna leiðir til að leysa togstreituna um endurgjöfina. Varðandi markmið með verkefnum þá tel ég mikilvægt að beina athygli að markmiðum um námið, meðnám og námskraftinn því það er mjög brýnt að gera nemendur meðvitaða um námsmarkmiðin því mikilvægast er að nemendur læri að læra og fái hæfni og sjálfstraust gagnvart því að læra.

## Heimildir

Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ágúst Ásgeirsson. (2011). Alfa, beta, gamma kerfið. Samráð um námsmat. Fjölritað efni. Reykjavík: Menntaskólinn við Sund.

Berglind Axelsdóttir. (2009). Þróun námsmats í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sótt af <https://notendur.hi.is/ingvars/namskeid/Namsmat/Namstefna/FSN.pdf>

Black, P. and Wiliam, D. (2001). Inside the Black Box. Raising Standards Through Classroom Assessment. BERA.

Black, P. and Wiliam, D. (2009). Developing a Theory of formative assessment í Educational Assessment. Evaluation and Accountability 21:5.

Black, P., Harrison, C., Clee, C., Marshall, B., Wiliam, D. (2003). Assessment for Learning. Putting it into practice. Maidenhead: Open University Press.

Building Learning Power. (2020). Sótt af <https://www.buildinglearningpower.com/>

Clarke, S. (2014). Outstanding Formative Assessment. Culture and Practice. London: Hooder Education.

Claxton, G. og Powell, G. (2019). Powering Up Students. The Learning Power Approach to High School Teaching. Carmarthen: Crown House Publishing.

Claxton, G. (2018). The Learning Power Approach. Teaching Learners to Teach Themselves. Carmarthen: Crown House Publishing Limited.

Claxton, G. (2002). Building learning power. Bristol: TLO Limited.

Edwards, A. (2008). Activity theory and small-scale intervention in schools. *Journal of Educational Change*, 9, 375–378.

Creswell, J. W. (2007). Qualitative inquiry & research design Choosing among five approaches (2 ed.). Thousand Oaks: SAGE.

Engeström, Y. (2000). Activity theory as a framework for analyzing and redesigning work. *Ergonomics*, 43(7), 960–974.

Engeström, Y. (2001). Expansive learning at work: toward an activity theoretical reconceptualization. *Journal of Education and Work*, 14(1), 133-156.

Engeström, Y. (2007). Putting Vygotsky to work: The change laboratory as an application of double stimulation In H. D. M. C. J. V. Wertsch (Ed.), *The Cambridge Companion to Vygotsky* (pp. 363-382). Cambridge: Cambridge University Press.

Engeström, Y. & Sannino, A. (2010). Studies of Expansive Learning: foundations, findings and future challenges. *Educational Research Review*, 5(1), 1-24.

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara. (2016). Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra 16. mars 2016. Reykjavík.

Hafdís Ingvarsdóttir. (2007). Samskipti kennara og nemenda: Hindrun og/eða hvati í breytingastarfi. Reykjavík: Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Félagsvísindadeild HÍ.

Hafþór Guðjónsson. (2014). Nám og meðnám. Reykjavík: Fjölrítað efni.

Hafþór Guðjónsson. (2011). *Action Research in Iceland - with the "I" at the center of inquiry*. Paper presented at the Value and Virtue in practitioners research, York St John University, York, England.

Hafþór Guðjónsson. (2008). Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.khi.is/greinar/2008-/002/prent/index.htm>

Hattie, J. and Clarke, S. (2019). *Visible Learning: Feedback*. New York: Routledge.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2018). The Change Room promotes teachers' agency to change their practice. *Educational Action Research*. 27 (2), 248-268.  
<http://dx.doi.org/10.1080/09650792.2018.1436080>

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2016). Investigating the use of Action Research and Activity Theory to Promote the Professional Development of Teachers in Iceland. Doktorsritgerð við University of Exeter á Englandi og Háskóla Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/23886>

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2010). Breytingastofa og starfendarannsókn í Menntaskólanum við Sund. *Netla veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/015.pdf>

Inga Jóna Jónsdóttir. (2010). Að rannsaka stjórnun nýbreytnistarfs í ljósi starfsemiskemningar. Leiðtögin sem finnur leiðir til að þróa og breyta. *Þjóðarspejillinn*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 18. nóvember 2010 af <http://skemman.is/item/view/1946/6768>

Ívar Rafn Jónsson og Birgir Jónsson. (2015). „...rosa mikilvægt, því þið eruð að gefa ykkur tíma í að tala við okkur“ Vörðuvika- Tilraun til leiðsagnarmats. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 20. 9. 2017 <https://skemman.is/handle/1946/23351>

Leahy, S., Lyon, C., Thompson, M. and Wiliam, D. (2005). Classroom Assessment. Minute by Minute, Day by Day.

Leifur Ingi Vilmundarson. (2019). Námskraftur (Learning Power Approach). Skólaheimsókn og ráðstefna í London desember 2018. Glærukynning. Óútgefið efni.

Lilja S. Ólafsdóttir. (2009). Leiðsagnarmat í Menntaskóla Borgarfjarðar. Hvernig hefur okkur miðað? Sótt af <https://notendur.hi.is/ingvars/namskeid/Namsmat/Namstefna/LeidsagnarmatMB.pdf>

McNiff, J. (2019). Action Research. <https://www.jeanmcniff.com/>

McNiff, J. (2017). Action Research. *All you need to know*. London: Sage.

McNiff, J. (2016). You and your action research project. Fourth edition. London: Routledge.

McNiff, J., & Whitehead, J. (2006). *All you need to know about action research*. London: Sage.

Oppenheim, A.N. (1992). Questionnaire design, interviewing and attitude measurement. London: Continuum.

Regier, N. (2012). Book Two: 60 Formative Strategies. Focus on Student Learning – Instructional Strategies Series. Regier Educational Resources. <https://www.teacherspayteachers.com/Product/Book-Two-60-Formative-Assessment-Strategies-635493>.

Richardson, L. (2005). Writing a method of inquiry. In Denzin N.K. & Lincoln Y.S. (Editors), Handbook of qualitative research (pp. 923-948). London: SAGE.

Rúnar Sigbórsson. (2009). Aðferð ræktunarmannsins: Leiðsagnarnám, virk námskrá og nám nemenda. Erindi á 7. Öskudagsráðstefnu Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Skólastjórafélags Reykjavíkur og Kennarafélags Reykjavíkur 25. febrúar 2009. Sótt 20. 9. 2017 [http://staff.unak.is/not/runar/Rannsoknir\\_erindi/Adfrd\\_rktunarmannsins\\_erindi.pdf](http://staff.unak.is/not/runar/Rannsoknir_erindi/Adfrd_rktunarmannsins_erindi.pdf).

Sólveig Zophoníasdóttir. (2017). Glærur um leiðsagnarnám. Óútgefið efni.

Steingrímur Birgisson. (2018). Nokkur orð um leiðsagnarmat. Í Kristín Valsdóttir (ritstjóri), Framtíðarmúsik. Rannsóknir og nýjar leiðir í tónlistarmenntun. Reykjavík: Listaháskóli Íslands og Háskólaútgáfan.

Viðar Halldórsson. (2019). Sjónræn félagsfræði: Að sjá og greina samfélagið í gegnum myndavélina. Tímarit um uppeldi og menntun, 29(1), 21-44.

Wiliam, D. (2018). Embedded Formative Assessment. Strategies for Classroom Assessment That Drives Student Engagement and Learning. Bloomington: Solution Tree Press.

Wiliam, D. (2013). Assessment: The Bridge between Teaching and Learning. Í Voices from the Middle. 21:2.

Þóra Björk Jónsdóttir. (2008). Námsmat með áherslu á leiðsagnarmat. Akureyri: Höfundur.

Þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórna.  
(2018). Reykjavík: Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórna. Fjölritað efni.

Þuríður Jóhannsdóttir. (2010). Deviations from the conventional: contradictions as sources of change in teacher education. í V. Ellis, A. Edwards og P. Smagorinsky (ritstjórar), *Cultural-historical perspectives on teacher education and development: learning teaching* (bls. 163–179). London: Routledge.

## Viðaukar

### 1. Tíma- og verkáætlun sett fram í maí 2019

Undirbúningur:

*Júní – ágúst 2019.* Rannsóknaráætlun gerð, unnið að veggspjöldum um námskraft nemenda, unnið að endurskoðun námsáætlunar FÉLA2KR05, verkefni endurbætt og ný búin til með áherslu á umræður nemenda og að skapa svigrúm fyrir endurgjöf kennara og jafningjamat nemenda á meðan á verkefnavinnu stærri verkefna stendur. Úrvinnsla gagna undirbúin.

Framkvæmd:

*Maí 2019 – maí 2020.* Ég mun fara tvisvar í gegnum starfendarannsóknarferil á næsta skólaári, á haustönn 2019 og vorönn 2020 og prófa þá nýjungar um samræður nemenda og munnlega endurgjöf og held áfram að þróa námsmenningu um námskraft nemenda, setja markmið með verkefnum og útbúa fjölbreytt verkefni og námsmatsaðferðir. Rannsókn mín byggir einnig á fyrri starfendarannsóknnum ágúst 2017 til maí 2018 og ágúst 2018 til maí 2019. Helstu rannsóknaraðferðir í starfendarannsókninni eru dagbóarskrif mín, samtöl við nemendur, dagbækur nemenda, verkefni nemenda og könnun meðal nemenda í lok haustannar og vorannar. Einnig nýtast samræður við gagnrýninn vin og samræður á fundum starfendarannsóknarhópsins vel í rannsókninni.

Úrvinnsla gagna:

Úrvinnsla gagna fer fram jafnt og þétt yfir allt næsta ár en þó verða þrjú tímabil þar sem sérstök áhersla verður lögð á úrvinnslu gagna þ.e. úrvinnsla úr könnunum meðal nemenda, hópviðtölum við nemendur, dagbókum og verkefnum nemenda.

*Júní 2019* Unnið úr gögnum safnað á vorönn 2019 og samantekt gerð á fyrri könnunum meðal nemenda frá haustönn 2016 og 2017 og vorönn 2017 og 2018

*Nóvember – desember 2019* Unnið úr gögnum safnað á haustönn 2019

*Júní 2020* Unnið úr gögnum safnað á vorönn 2020 og heildarsamantekt á öllum gögnunum og samanburður á gögnum eftir önnum þar sem gögnin eru samanburðarhæf.

Skýrslugerð:

*Júlí – ágúst 2019* Byrja að skrifa fræðilega kaflann, greina togstreitur, setja mína rannsókn inn í starfsemiskerfi kennslustofunnar og taka saman helstu niðurstöður síðustu tveggja ára. Undirbúa kynningu á framhaldsskólaráðstefnu 20. 9. 2019.

*Janúar – febrúar 2020* Skrifa um niðurstöður úr starfendarannsókn á haustönn 2019 og halda áfram að greina togstreitur og undirbúa að skrifa grein í Skólaþræði.

*Júní - júlí 2020* Skrifa um niðurstöður úr starfendarannsókn á vorönn 2020 og taka saman heildarniðurstöður um innleiðingu leiðsagnarnáms og námsmenningar um námskraft nemenda. Undirbúa kynningu í MS vorið 2020 og senda inn útdrátt fyrir menntakvikku haustið 2020.

## 2. Námsáætlun FÉLA2KR05 vorönn 2020

### Námsáætlun

#### Kenningar og rannsóknir (FÉLA2KR05)

##### Vorönn 2020

Í þessum áfanga er lögð áhersla á helstu kenningar félagsfræðinnar s.s. samvirkni-, átaka- og samskipta-kenningar. Það verður unnið með hugmyndir frumkvöðla greinarinnar og leitast við að skilja tengsl við ólíkar kenningar. Nemendur kynna rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar. Nemendur eru þjálfaðir í að beita eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum og tengja ólíkum kenningum. Farið verður yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur eru þjálfaðir í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélaginu, bæði almennt og á tiltekin viðfangsefni. Þeir læra að fylgja vísindalegu rannsóknarferli þar sem lögð er áhersla á aðferðafræðileg og siðferðisleg vandamál tengd rannsóknum í félagsvísindum. Helstu áherslur áfangans eru að auka áhuga, þekkingu og skilning nemenda á kenningum og rannsóknaraðferðum. Nemendur eiga að vera færir um að meta, taka afstöðu og fjalla á gagnrýninn hátt um rannsóknir í félagsvísindum og beita þeim í nokkru mæli.

#### Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar á:

- Tilgangi kenninga í félagsfræði þannig að nemendur geti tjáð sig og rökstutt hugmyndir um samvirkni-átaka- og samskiptakenningar.
- Ólíkum rannsóknaraðferðum í félagsfræði.
- Frumkvöðlum og þeirra framlagi til fræðanna.
- félagsfræði líðandi stundar s.s. femínískri félagsfræði og póstmodernisma, ásamt hugtökum í félagsfræði sem nýtist þeim til undirbúnings fyrir frekari nám.

#### Nemandi hafi öðlast leikni til að:

- Greina á milli kenningarsjónarhorna félagsfræðinnar og beita þeim á ólík viðfangsefni.
- Greina á milli félagslegra staðreynda og almennra alþýðuskýringa og geta tjáð sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt um samfélagsleg álitamál.
- Skipuleggja einfaldar félagsfræðirannsóknir og beita viðeigandi rannsóknaraðferðum á ólík viðfangsefni.
- Beita hugtökum á mismunandi viðfangsefni.

#### Nemandi hafi öðlast hæfni til að:

- Beita félagsfræðilegum hugtökum og kenningum við greiningu og túlkun á samfélaginu.
- Skýra og túlka eigin aðstæður út frá hugmyndafræði félagsvísinda.
- Geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum. - Leggja mat á hvaða rannsóknaraðferðir henta best við mismunandi aðstæður og á mismunandi rannsóknarefni.
- Geta metið eigið vinnuframlag og annarra.

#### Námsgögn

Garðar Gíslason. (2016). *Félagsfræði 2: Kenningar og samfélag*. Mál og menning: Reykjavík. Fjölritað efni um félagsfræðikenningar + Gögn af netinu.

#### Námsmat

Þetta er leiðsagnarnám sem byggir á virkni og samvinnu nemenda í tímum. Námsfyrirkomulag er í formi verkefnavinnu nemenda, umræðna og glærुकynninga kennara og nemenda. Nemendur vinna einnig ýmis verkefni sem metin eru inn í virknieinkunn m.a. dagbók „námsvina“ og námsupplifun. Áhersla er lögð á að byggja upp námskraft nemenda m.a. með hópvinnum og hóp dagbók með „námsvinum“ og þátttöku nemenda í námsmati með m.a. gátlistum með matskvörðum, hópviðtölum og sjálfsmati nemandans.

Virki í tímum (t.d. námsvinir og örverkefni)	10%
Umræðutímar	10%
Veggspjald um frumkvöðul	5%
Rannsóknarverkefni	10%
Valverkefni - lokaverkefni	10%
Ýmis para- og hópverkefni	12%
Hugtakalistar (6 x 3%)	18%
Próf I (Kafli 1 og 2)	10%
Próf II (Kafli 3 og 6)	10%
Raunmæting	5%



**Ath.** Kennari nýtir sér ritstuldarforritið **Turnitin** við yfirferð verkefna til að kanna uppruna þeirra. Þetta forrit er líka gert til að auðvelda nemendum að vanda betur framsetningu á texta.

**ATH. Almennt eru ekki sjúkrapróf í símatsáfanga.** Hafi nemandi hins verið veikur þegar hann átti að taka próf þá gefst honum kostur á því að taka sjúkrapróf á matsdögum í lok annarinnar sem gildir 10% að því gefnu að hann skili læknisvottorði og skrái sig í slíkt próf hjá kennara.

### Námsáætlun, birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Vikur	Kaflar	Efni	Verkefni
<b>1. vika</b> <b>25-28/2 2020</b>	1. Félagsfræðin, sjónarhorn og aðferðir. Bls. 13-34, 42-49 og 54-61	Námskrafturinn. Félagsfræðilegt sjónarhorn. Þróun félagsfræðinnar. Frumkvöðlar félagsfræðinnar	Hvað er félagsfræði? Hvað kann ég, vil ég læra? Umræðutími 1 Námsvinir dagbók
<b>2. vika</b> <b>2-6/3</b>	1. Félagsfræðin, sjónarhorn og aðferðir Bls. 35 -42 og 50-54	Megindlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Rannsóknarlíkan.	Rannsókn 10% kynnt og fyrskil -verkáætlun. Hugtakalisti 1 Námsvinir dagbók
<b>3. vika</b> <b>9 -13/3</b>	2. Félagsfræðilegar kenningar. Bls. 65-91	Helstu kenningar félagsfræðinnar, samvirkni- átaka- og samskiptakenningar.	Hugtakalisti 2 Námsvinir dagbók
<b>4. vika</b> <b>16 og 19-20/3</b> <b>Matsdagar</b> <b>17-18/3</b>	2. Félagsfræðilegar kenningar. Bls. 92-102	Helstu kenningar í félagsfræði: Samvirkni- Átaka- og Samskiptakenningar.	Kynning á rannsókn og skil á rannsóknarskýrslu 10% Hugtakalisti 3 Námsvinir dagbók
<b>5. vika</b> <b>23 - 27/3</b>	2. Félagsfræðilegar kenningar. Bls. 103-115	Gamlar og nýjar kenningar. Póstmódernismi. Femínísk félagsfræði.	Umræðutími 2 Hugtakalisti 4 Veggspjald um frumkvöðul !
<b>6. vika</b> <b>30/3 - 3/4</b>	2. Félagsfræðilegar kenningar. Bls. 116-122	Yfirlit yfir samvirkni- átaka- og samskiptakenningar.	Semja prófspurningar Próf I (Kaflar 1 og 2) 10% Valverkefni 10% kynnt.
<b>Páskafri 6-14/4</b>			
<b>7. vika</b> <b>15 - 17/4</b>	3. Samskipti. Bls. 123-151	Táknræn samskipti. Þróun sjálfins. Leikræn greining.	Fyrstu skil á 10% Valverkefni Námsvinir dagbók Námsupplifun
<b>8. vika</b> <b>20 - 2/4</b> <b>23/4 Sumard. 1.</b> <b>24/4 Matsdagur</b>	3. Samskipti. Bls. 152-178	Samskipti með og án orða, tilfinningar, nálægð, snerting, tungumál og viðmið.	Hugtakalisti 5 Verkefni um kenningar Námsvinir dagbók
<b>9. vika</b> <b>27-30/4</b> <b>Frí 1. maí</b>	6. Félagsleg lagskipting Bls. 293-306	Félagsleg lagskipting. Opin og lokuð félagsleg lagskipting.	Hugtakalisti 6 Umræðutími 3 Námsvinir dagbók
<b>10. vika</b> <b>4 - 8/5</b>	6. Félagsleg lagskipting Bls. 306-331	Kenningar um félagslega lagskiptingu	Verkefni um kenningar Námsvinir dagbók
<b>11. vika</b> <b>11 - 15/5</b>	6. Félagsleg lagskipting Fjölrítað efni.	Algild og afstæð fátækt	Umræðutími 4 Próf II (kaflar 3 og 6) 10%
<b>12. vika</b> <b>18-20/5</b> <b>21. Uppstign.d.</b> <b>22. Matsdagur</b>	Valverkefni/ lokaverkefni		Kynning á valverkefni og skil rannsóknarskýrslu 10% Hvað hef ég lært? Mat á áfanganum
<b>13. vika</b> <b>25-29/5</b> <b>Matsdagar</b>			Sjúkrapróf Einkunnir í Innu. Námsmatssýning

Kennari: Hjördís Þorgeirsdóttir, [hjordist@msund.is](mailto:hjordist@msund.is) Viðtalstími mánudaga kl. 12:10-12:50

### 3. Dæmi um verkefni

## **Kenningar og rannsóknir (FÉLA2KR05) Vorönn 2020**

### **Rannsókn á viðhorfum nemenda MS**

Hópverkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn

#### **Markmið:**

- Að nemandi öðlast leikni til að skipuleggja og framkvæma einfalda félagsfræðirannsókn.
- Að nemandi öðlist hæfni til að beita félagsfræðilegu sjónarhorni á félagslegt efni.
- Að nemandi öðlist hæfni til að beita félagsfræðihugtökum á félagslegt efni.
- Að nemandi öðlist hæfni til að skrifa rannsóknarskýrslu.
- Að nemandi geti miðlað efni til samnemenda sinna á skýran hátt.
- Að nemandi geti beitt öguðum vinnubrögðum, sýnt seiglu og tekið ábyrgð á eigin námi.
- Að nemandi geti unnið í samvinnu við aðra nemendur.
- Að nemandi öðlist hæfni til að meta eigið vinnuframlag.

#### **Lýsing:**

Þið veljið eina af rannsóknaraðferðunum hér fyrir neðan og gerið rannsókn á viðhorfum nemenda MS til málefnis að eigin vali í samráði við kennara. Þetta er hópverkefni með 2-4 nemendum í hóp. Þið fylgið rannsóknarlíkaninu (bls. 38 í kennslubók) við framkvæmd rannsóknarinnar. Þið vinnið verkefnið bæði í kennslustundum og utan kennslustunda. Hægt er að nálgast viðfangsefnið t.d. út frá viðhorfum nemenda MS til skólans, stjórn mála, umhverfismála, flóttamanna, fjölmiðla, verkfalla, fátæktar, fordóma, fjölskyldunnar, vinnu með námi, covid veirunnar, lífæragjafar, klukkunnar, matarsóunar og samskipta. Allir hópar verða að semja a.m.k. 10 spurningar um viðhorf nemenda bæði lokaðar og opnar spurningar og bera verður spurningarnar undir kennara áður en þær eru lagðar fyrir.

#### **Rannsóknaraðferðir:**

- 1) Könnun, 2) Viðtöl, 3) Rýnihópur, 4) Vettvangsrannsókn
- Allir nota einnig aðferðina Ritaðar heimildir til að afla eldri gagna um viðfangsefnið.

#### **Verkefnaskil:**

Þið skilið verkáætlun um rannsóknina 5. mars. Þið kynnið rannsóknina með glærुकyningu fyrir hópinn 19. mars. Skil á námsnetinu í gegnum Turnitin þann 18. mars fyrir kl. 18:00. Þið skilið rannsóknarskýrslu 20. mars og notið word skjal Rammi fyrir rannsóknarskýrslu fyrir hana sem er á námsnetinu. Mjög mikilvægt að tengja efnið við félagsfræðileg hugtök. Verkefnið gildir 10% af lokaeinkunn. Sjá nánar gátlista um mat á verkefninu á námsnetinu.

Rannsóknarskýrslan skal skiptast í eftirfarandi kafla:

1. Útdráttur
2. Inngangur
3. Félagsfræðihugtök og viðfangsefnið
4. Rannsóknaraðferð
5. Niðurstöður
6. Umræður
7. Lokaorð
8. Heimildaskrá
9. Undirskrift.

Í glærुकyningunni þarf að vera umfjöllun um:

Rannsóknarspurningu, rannsóknaraðferð, rannsóknarniðurstöður, félagsfræðihugtök og heimildaskrá.

**Kenningar og rannsóknir (FÉLA2KR05)**  
**Samvirkni-, átaka- og samskiptakenningar í fréttum**  
**Einstaklings- eða paraverkefni sem gildir 5% af lokaekunn**

**Markmið:**

- Að nemandi öðlist þekkingu og skilning á meginkenningum félagsfræðinnar, samvirkni-, átaka- og samskiptakenningum.
- Að nemandi öðlist hæfni til að beita hugtökum samvirkni- og átaka- og samskiptakenninga á samfélagsleg viðfangsefni sem efst eru á baugi í fjölmiðlum.
- Að nemandi auki hæfni sína til að lesa og greina efni bæði í kennslubók og í fjölmiðlum.
- Að nemandi auki hæfni sína til að vinna með öðrum.

**Samvirknikenningin í fréttum í fjölmiðlum**

Finnið tvö dæmi um fréttir og lýsið hvernig hægt er að beita samvirknikenningunni á fréttir í fjölmiðlum:

- Yfirlýst virkni einhvers þáttar eða stofnunar í samfélaginu
- Dulin virkni einhvers þáttar eða stofnunar í samfélaginu
- Vanvirkni (skaðvirkni) einhvers þáttar eða stofnunar í samfélaginu
- Félagsmótun tengd þáttum samfélagsins
- Félagslegt taumhald tengd þáttum samfélagsins
- Tengsl á milli þátta samfélagsins

Setjið fréttirnar eða netslóðir á fréttirnar inn í skjalið, veljið viðeigandi hugtak/hugtök, tengið við textann í fréttinni og útskýrið tengslin. Sjá um samvirknikenningar á bls. 70-82 í kennslubókinni Kenningar og samfélag.

**Átakakenningin í fréttum í fjölmiðlum**

Finnið tvö dæmi um fréttir og lýsið hvernig hægt er að beita átakakenningunni á fréttir í fjölmiðlum:

- Átök á milli þátta samfélagsins
- Átök á milli hópa samfélagsins (ríkir –fátækir, hvítir – litaðir, karlar –konur, eldri – yngri)
- Ójöfnuður í samfélaginu – félagsleg lagskipting
- Stétt
- Stéttaátök
- Stéttarvitund

Setjið fréttirnar eða netslóðir á fréttirnar inn í skjalið, veljið viðeigandi hugtak/hugtök, tengið við textann í fréttinni og útskýrið tengslin. Sjá um átakakenningar bls. 82-90 í kennslubókinni Kenningar og samfélag.

**Samskiptakenningin í fréttum í fjölmiðlum**

Finnið tvö dæmi um fréttir og lýsið hvernig hægt er að beita samskiptakenningum á fréttir í fjölmiðlum.

- Tákn
- Táknræn samskipti
- Félagsleg athöfn
- Sjálfið – sjálfsmynd
- Stöður og hlutverk
- Samskipti án orða
- Hópar – frumhópar og fjarhópar

Setjið fréttirnar eða netslóðir á fréttirnar inn í skjalið, veljið viðeigandi hugtak/hugtök, tengið við textann í fréttinni og útskýrið tengslin. Sjá um samskiptakenningar bls. 92-103 og 128-143 í kennslubókinni Kenningar og samfélag.

**Kenningar og rannsóknir (FÉLA2KR05)**  
**Samskipti á tímum kórónaveirunnar**  
**Einstaklings- eða paraverkefni sem gildir 3% af lokaekunn**  
**Mikilvægt að nýta kennslubókina og glærur vel.**

Markmið:

- Að nemandi öðlist þekkingu og skilning á félagslegum samskiptum.
- Að nemandi öðlist hæfni til að beita félagsfræðihugtökum samskiptakenninga á félagsleg samskipti í daglegu lífi nú á tímum.
- Að nemandi auki hæfni sína til að lesa og greina efni í kennslubókinni og tengja það við eigið líf og reynslu.
- Að nemandi auki hæfni sína til að móta sér skoðanir, setja þær fram og rökstyðja á félagsfræðilegan hátt.

Fjallið um félagsleg samskipti á tímum kórónaveirunnar með því að beita hugtökum samskiptakenninga eins og er fjallað um þau í kafla 3 í kennslubókinni, sjá lista hér fyrir neðan. Tengid umfjöllunina við dæmi út frá ykkar eigin reynslu frá því kórónaveiran fór að hafa áhrif á félagsleg samskipti á Íslandi í byrjun mars 2020. Mikilvægt að beita 3-5 hugtökum í hverju svari.

- 1) Hvernig hafa félagsleg samskipti í daglega lífinu breyst á tímum COVID19?
- 2) Hvað hefur haldist óbreytt eða svipað í samskiptum í daglega lífinu?
- 3) Finndu dæmi um breytingar í samskiptum sem þú telur að gangi strax til baka þegar hömlum vegna COVID19 verður aflétt.
- 4) Finndu dæmi um breytingar á samskiptum sem gætu haldið áfram og festast í sessi eftir að við náum tökum á kórónuveirunni (með bólusetningum og lyfjum).
- 5) Hverjir eru kostir og gallar við fjarnámið í MS að þínu mati og hvernig líður þér með námið núna í áfanganum FÉLA2KR05? Báðir nemendur svara síðustu spurningunni.

### **Samskiptakenningin**

Hugtök

- Verstehen (skilningur)
- Tákn
- Táknræn samskipti
- Félagsleg athöfn
- Sjálfið – sjálfsmynd
- Spegilsjálfið
- Ég – mig
- Þýðingamiklir einstaklingar og almenningur
- Stöður og hlutverk
- Leikræn greining (t.d. framhlið og baksvið)
- Samskipti án orða
- Hópar – frumhópar og fjarhópar
- Persónulega svæðið
- Formlegt afskiptaleyfi
- Að missa andlitið

## FÉLA2KR05 Kenningar og rannsóknir

### Fátækt á Íslandi 3% paraverkefni

#### Markmið:

- Auka þekkingu og skilning á hugtakinu fátækt.
- Efla hæfni til að beita félagsfræðihugtökum og kenningum.
- Efla hæfni til að leggja rökstutt mat á hvaða kenning hentar best.
- Efla hæfni til að leggja rökstutt mat á hvaða rannsóknaraðferðir henta hverju sinni.
- Efla lestrarhæfni nemenda.
- Efla skapandi rökhugsun nemenda.
- Efla seiglu og þrautseigju við verkefnavinnu.

#### Lesefni:

1. Garðar Gíslason. Kenningar og samfélag Kafi 6 Félagsleg lagskipting, sérstaklega bls. 316-317 og bls. 325-326
2. Glærur á námsnetinu. Glærur 16 Kafi 6 Félagsleg lagskipting Algild og afstæð fátækt.
3. *Ítarefni:* Magnús Einarsson. Félagsfræðiveisla Kafi 5.2.6 Fátækt sjá fjölrit á námsnetinu undir Annað efni.

#### Spurningar:

1. Skilgreinið hugtakið fátækt bæði algilda og afstæða fátækt (sjá Magnús Einarsson).
2. Finnið 2 dæmi um algilda fátækt og tvö dæmi um afstæða fátækt og tengið hvert dæmi við orsakir fátæktar í hverju tilviki (sjá glæru um orsakir fátæktar).
3. Hvaða rannsóknaraðferðir er hægt að nota til að rannsaka fátækt á Íslandi? Rökstyðjið með því að lýsa hvernig rannsóknin færi fram.
4. Hvaða félagsfræðikenningu samvirkni-, átaka- eða samskiptakenningu er best að beita til að rannsaka fátækt á Íslandi? Rökstyðjið svarið vel.
5. Hvernig geta stjórnvöld minnkað fátækt á Íslandi?
6. Ræðið rök með og á móti því að stjórnvöld minnki fátækt á Íslandi.

# Teiknimyndasaga

## Beita félagsfræðikenningu

**Kenningar og rannsóknir (FÉLA2KR05)**  
**Hópverkefni sem gildir 3% af lokaeinunn**

Markmið:

- Að nemandi öðlist dýpri skilning á félagsfræðikenningu.
- Að nemandi auki hæfni sína við að beita kenningu á viðfangsefni.
- Að nemandi auki sköpunarhæfni sína.
- Að nemandi auki hæfni sína til að vinna með öðrum nemendum.
- Að nemandi auki námskraft sinn með því að fara út fyrir þægindarammann.

Veljið eina af þremur helstu félagsfræðikenningunum, samvirkni- átaka- eða samskiptakenningu.

1. Útbúið handrit fyrir teiknimyndasögu með sex myndum þar sem kenningunni er beitt og hugtök í anda kenningarinnar notuð.
2. Teiknið myndasöguna á A3 blað.

Teiknimyndasagan þarf að innihalda:

- 6 teikningar
- Texta við hverja mynd
- Söguþráð
- Persónur
- Heiti
- Mynd og texti þurfa að tengjast
- Beita hugtökum úr kenningunni í hverri mynd
- Sýna skilning á kenningunni

#### 4. Dæmi um verkáætlun fyrir verkefni

**Menntaskólinn við Sund**  
**Rannsókn á félagslegri stofnun**  
**Kenningar og rannsóknir FÉLA2KR05 Vorönn 2020**  
**Valverkefni - lokaverkefni**  
**Verkáætlun**

**Heiti stofnunar:**

**Nöfn nemenda:**

**Efni:** Lýsa hér ykkar stofnun í örstuttu máli. Velja stofnun sem þið hafið áhuga á og finnst að aðrir mættu fræðast nánar um, lýsa stofnun örstutt og setja fram rannsóknarspurningar.

**Ritaðar heimildir fyrir gagnaöflun:** Gera lista yfir heimildir sem þið ætlið að nota til að afla gagna um stofnunina. Slóð á heimasíðu stofnunarinnar, gögn af síðunni t.d. eitthvað um hlutverk, ársskýrsla etc. Kennslubókin og reyna að finna aðra heimild um félagsfræðihugtök og kenningar.

**Tenging við félagsfræðikenningu:** Tengja þarf starfsemi stofnunarinnar við eina að helstu kenningum félagsfræðinnar, samvirkni-, átaka- eða samskiptakenningu. Tilgreina og útskýra tengingu hér.

**Tenging við félagsfræðihugtök:** Listi yfir a.m.k fjögur félagsfræðihugtök sem þið tengið við starfsemi stofnunarinnar og skoðið hana út frá.

**Verkaskipting og tímaáætlun:** Lýsið hér áætlun ykkar um hver ætlar að gera hvað við öflun heimilda, úrvinnslu, glærum, skýrslu. Fjalla þarf um stofnunina og starfsemi hennar en einnig um rannsóknaraðferð, hugtök og kenningu á glærum og í skýrslu. Veljið hópstjóra, ritara, gagnaflara, hvetjara.

## 5. Gátlistar fyrir mat á verkefnum

GÁTLISTI: MAT Á VALVERKEFNI UM SAMFÉLAGSSTOFNUN, RANNSÓKNARSKÝRSLA OG GLÆRUR. HVER MATSPÁTTUR GILDIR 20%				
Matspáttur	Einkunn undir 5	Einkunn 5-6	Einkunn 7-8	Einkunn 9-10
<b>Heimildavinna - Rannsóknaraðferð</b>	Engar heimildar notaðar, rannsóknaraðferð ekki tilgreind, heimildaskrá vantar eða ófullkomin. Tilvísanir í heimildir vantar.	Aðeins 1-2 heimildir nýttar. Tilraun gerð til að lýsa rannsóknaraðferð. Heimildaskrá ófullnægjandi. Tilvísanir í heimildir engar eða mjög fáar.	3-4 heimildir notaðar, m.a. Heimasíða stofnunar og kennslubókin. Rannsóknaraðferðinni Ritaðar heimildir lýst vandlega. Heimildaskrá góð og dæmi um tilvísanir.	4-5 heimildir nýttar. Mjög góð lýsing á rannsóknaraðferðinni Ritaðar heimildir og rætt um kosti hennar og galla. Heimildaskrá góð og bæði beinar og óbeinar tilvísanir í heimildir notaðar.
<b>Innihald</b>	Takmörkuð þekking á starfsemi stofnunarinnar og skilningur lítill á verkefnum hennar. Yfirborðsleg umfjöllun.	Nokkur þekking á starfsemi stofnunarinnar en skilningur á verkefnum hennar takmarkaður, dæmi vantar til útskýringar.	Góð þekking og skilningur á tilgangi og verkefnum stofnunarinnar en umfjöllun helst til stutt og ekki nægilega markviss. Tilraun gerð til að tengja við raunveruleg viðfangsefni í dag.	Mjög góð þekking og skilningur á tilgangi og verkefnum stofnunarinnar, heilstæð mynd gefin og innsýn veitt í starf hennar með dæmum. Félagsfræðileg efnistöð með tengingu við raunveruleg viðfangsefni í dag.
<b>Beiting félagsfræðilegra hugtaka</b>	Engin félagsfræðileg hugtök nýtt eða þeim ekki beitt rétt.	Fáum 1-2 félagsfræðilegum hugtökum beitt og tenging við verkefni stofnunar ekki nægilega skýr.	3-5 félagsfræðilegum hugtökum beitt en tenging við verkefni stofnunar ekki nægilega skýr.	Fjölbreyttum félagsfræðilegum hugtökum beitt og þau tengd beint við viðfangsefni og verkefni stofnunarinnar.
<b>Beiting félagsfræðikenningar</b>	Engin tenging við félagsfræðikenningu, samvirkni- átaka eða samskiptakenningu.	Tilraun gerð til tengingar við félagsfræðikenningu en ekki vel rökstudd.	Tenging við félagsfræðikenningu góð og einhver rökstuðningur.	Tenging við félagsfræðikenningu útskýrð vel og rökstudd á sannfærandi hátt.
<b>Glærur</b>	Of fáar glærur, óskýr efnistöð, efnisþætti vantar, útlit ábótavant (t.d. leturstærð, leturgerð, myndir, uppsetning)	Sæmileg kynning en helst til stutt, efnisþátt vantar, útlit ábótavant (t.d. leturstærð, leturgerð, myndir, uppsetning)	Góð kynning en mætti vera lengri. Allir efnisþættir kynntir. Smá frumleiki.	Mjög góð og hæfilega löng kynning, allir efnisþættir kynntir og lifandi mynd sýnd af starfsemi stofnunar. Sýna frumleika og útsjónarsemi.

GÁTLISTI FYRIR MAT Á RANNSÓKNARSKÝRSLU OG KYNNINGU Á RANNSÓKN				
Matspáttur	Einkunn undir 5	Einkunn 5-6	Einkunn 7-8	Einkunn 9-10
<b>Heimildavinna</b>	Engar heimildar notaðar, heimildaskrá vantar.	Kennslubók nýtt sem heimild og rannsóknaraðferð skráð. Heimildaskrá ófullnægjandi.	3-4 heimildir notaðar, kennslubók, 1-2 heimildir um rannsóknaraðferð og 1-2 heimildar um viðfangsefnið. Heimildaskrá góð og dæmi um tilvísanir.	4-5 heimildir nýttar, kennslubók, 2-3 heimildir um rannsóknaraðferð og 2-3heimildir um viðfangsefnið. Tilvísanir í heimildir góðar og heimildaskrá rétt.
<b>Innihald</b>	Takmörkuð þekking á efninu og skilningur lítill.	Nokkur þekking á efninu en skilningur takmarkaður.	Góð þekking á efninu og rannsóknaraðferð vel lýst og skilningur góður.	Mjög góð þekking og skilningur á efninu og rannsóknaraðferð.
<b>Umfjöllun um rannsóknaraðferð</b>	Mjög takmörkuð lýsing á rannsóknaraðferð sem er beitt.	Tilraun gerð til að lýsa rannsóknaraðferð sem er nýtt en tenging við rannsóknarspurningu óskýr.	Rannsóknaraðferð lýst vandlega og tilraun gerð til að tengja við rannsóknarspurningu og efnið á félagsfræðilegan hátt.	Rannsóknaraðferð mjög vel lýst og skilningur sýndur á tengslum við rannsóknarspurningu og góður félagsfræðilegur skilningur á efninu.
<b>Beiting félagsfræðilegra hugtaka</b>	Engin félagsfræðileg hugtök nýtt eða þeim ekki beitt rétt.	Fáum 1-2 félagsfræðilegum hugtökum beitt og tenging við efni ekki nægilega skýr.	3-4 félagsfræðilegum hugtökum beitt en tenging við efni ekki nægilega skýr.	Fjölbreyttum félagsfræðilegum hugtökum beitt og þau tengd beint við viðfangsefnið.
<b>Kynning</b>	Of stutt, óskýrar glærur, ná ekki athygli, skortur á samvinnu, hluti hópsins kynnir.	Sæmileg kynning en helst til stutt, glærur þokkalegar, frumleika skortir, ná takmarkaðri athygli, skipulag og samvinna ekki nægilega mikil.	Góð kynning. Glærur nokkuð skýrar. Allir virkir, halda athygli en mættu sýna meiri áhuga. Flutningur og framkoma þokkaleg.	Mjög góð og hæfilega löng kynning, góðar glærur, góð framkoma, flutningur skýr og vel skipulagður, allir virkir, halda athygli vel og smita áhuga sinn. Sýna frumleika.



6. Dæmi um eyðublöð fyrir sjálfsmat og jafningjamat nemenda

**Menntaskólinn við Sund**  
**Rannsóknarverkefni 10%**  
**FÉLA2KR05 Kenningar og rannsóknir**

**Sjálfsmat**

Nafn: \_\_\_\_\_

Heiti verkefnis: \_\_\_\_\_

<b>Matspáttur:</b>	<b>Þitt álit í orðum út frá gátlista um mat á verkefninu:</b>	<b>Einkunn frá 1-10:</b>
<b>Heimildavinna</b>		
<b>Innihald</b>		
<b>Umfjöllun um rannsóknaraðferð</b>		
<b>Beiting félagsfræðilegra hugtaka</b>		
<b>Kynning</b>		

**Hvert var mitt framlag í hópverkefninu?**

---

---

---

---

---

---

---

**Menntaskólinn við Sund**  
**Valverkefni – Lokaverkefni 10%**  
**Kenningar og rannsóknaraðferðir FÉLA2KR05**

## Jafningjamat

Heiti verkefnis sem er metið: \_\_\_\_\_

<b>Matspáttur:</b>	<b>Þitt álit í orðum:</b>	<b>Einkunn frá 1-10:</b>
<b>Heimildavinna</b>		
<b>Innihald</b>		
<b>Beiting félagsfræðilegra hugtaka</b>		
<b>Beiting félagsfræðilegra kenninga</b>		
<b>Kynning</b>		

Nöfn þeirra sem meta: \_\_\_\_\_

## 7. Námsupplifun

### Námsupplifun

### Virkniverkefni

**Kláraðu a.m.k. fimm af eftirfarandi setningum og bættu við einni nýrri:**

Í dag lærði ég ...

Ég var undrandi á ...

Það hagnýtasta sem ég lærði í þessari kennslustund var ...

Ég fékk áhuga á ...

Það sem mér líkaði best við þessa kennslustund var ...

Það er eitt sem ég er óklár með og það er ...

Verkefnavinnan fannst mér ...

Það sem ég hef mestan áhuga á að læra meira um er ...

Eftir þessa kennslustund þá líður mér ...

Ég hefði fengið meira út úr þessari kennslustund ef ...

Og bættu við nýrri setningu um námið í kennslustundinni: ...

Nafn: \_\_\_\_\_

## 8. Námsaðgerðir

### Námsaðgerðir (learning dispositions)

#### Einbeiting

- Takast á við truflun
- Gleyma sér við verkefnið
- Búta verkefnið niður
- Skipuleggja og hugsa verkið til enda
- Teikna skýringarmyndir og skrifa niður hugsanir og annað sem getur hjálpað við námið

#### Prautseigja

- Leggja hart að sér
- Halda áfram
- Prófa nýjar aðferðir
- Biðja um aðstoð
- Byrja upp á nýtt

#### Samvinna

- Vinna með öðrum
- Hlusta á aðra
- Sýna vinsemd þegar ágreiningur kemur upp
- Útskýra til að hjálpa öðrum
- Sýna þolinmæði

#### Forvitni

- Spyrja spurninga
- Taka eftir hlutum
- Leita að mynstri og tengingum
- Hugsa um mögulegar skýringar
- Spyrja: Hvað ef ...?

#### Prófa

- Læra af mistökum
- Hugsa á frjóan hátt
- Ekki hafa áhyggjur þegar eitthvað fer úrskeiðis
- Njóta þess að læra nýja hluti

#### Hugmyndaauðgi

- Vera skapandi
- Hugsa út fyrir boxið
- Hleypa ímyndunaraflinu af stað
- Hugsa upp nýjar hugmyndir og spurningar


#### Halda áfram að bæta sig

- Halda áfram að endurskoða verkið
- Greina sterku þættina
- Reyna að gera betur en síðast
- Ekki bera sig saman við aðra aðeins sig sjálfa/n
- Taka lítil skref í einu

#### Hafa gaman af náminu

- Vera stolt/ur af öllum mínum afrekum
- Ímynda sér að greindin aukist með hverri mínútu
- Nýta það sem ég hef lært
- Gera mér grein fyrir að ég læri það ef ég legg mig fram og æfi mig

## 9. Dæmi um verkefni fyrir hóp dagbók námsvina



### Dagbók 09. 09. 2019

#### Veggspjald um frumkvöðul

Skoðið gátlistann um matið og svarið eftirfarandi:

- 1) Hvernig gekk að vinna verkefnið?
- 2) Hvað hjálpaði ykkur mest við að vinna verkefnið? Hvað gekk vel?
- 3) Hvað gekk illa – hvað var erfiðast?
- 4) Hvað getið þið gerð öðruvísi í næsta verkefni til þess að það gangi betur?
- 5) Hvað gæti kennarinn gert öðruvísi til að hjálpa ykkur með verkefnið?

### Dagbók 7. 10. 2019

- 1) Hvernig fannst ykkur prófið?
  - \*Lengd?
  - \*Þyngd?
  - \*Tegundir spurninga?
  - \*Efnið?
  - \*Hvað var erfiðasta efnið?
  - \*Hvernig var undirbúningurinn hjá þér?
- 2) Skoðið blaðið um námsaðgerðir (learning dispositions). Veljið tvo flokka námsaðgerða sem ykkur finnst mikilvægir í ykkar námi og útskýrið hvers vegna?

### Dagbók 2. 3. 2020

- 1) Hvernig gekk að vinna hugtakalistann?
- 2) Hvaða hugtak er auðveldast að skilja og útskýra? Hvers vegna?
- 3) Hvaða hugtak er erfiðast að skilja og útskýra? Hvers vegna?
- 4) Hvaða námsaðferðir – námskrafta nýttuð þið?

• Spyrja	• Þolinmæði
• Greina	• Seigla
• Hlusta	• Samræður
• Samvinna	• Skapa
• Lesa	• Hugsá

## 10. Spurningalisti fyrir nemendur

### Mat á FÉLA2KR05 haustönn 2019

1. Hversu gagnlegt eða ógagnlegt finnst þér að markmið eru tilgreind með verkefnum?
  - Mjög gagnlegt
  - Frekar gagnlegt
  - Í meðallagi
  - Frekar ógagnlegt
  - Mjög ógagnlegt
2. Hversu gagnlegir eða ógagnlegir finnast þér gátlistar fyrir mat á verkefnum?
  - Mjög gagnlegir
  - Frekar gagnlegir
  - Í meðallagi
  - Frekar ógagnlegir
  - Mjög ógagnlegir
3. Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ertu að boðið sé upp á ALFA-BETA-GAMMA þ.e. einstaklingsbundið vægi milli verkefna (70/80/90) og prófa (30/20/10)?
  - Mjög hlynnt/ur
  - Frekar hlynnt/ur
  - Í meðallagi
  - Frekar andvíg/ur
  - Mjög andvíg/ur
4. Hversu mikilvæg eða léttvæg finnst þér áherslan á að byggja upp námskraftinn m.a. með áherslu á seiglu og þrautseigju í náminu?
  - Mjög mikilvæg
  - Frekar mikilvæg
  - Hlutlaus
  - Frekar léttvæg
  - Mjög léttvæg
5. Hversu gagnleg eða ógagnleg finnast þér veggspjöldin um námskraftinn?
  - Mjög gagnleg
  - Frekar gagnleg
  - Í meðallagi
  - Frekar ógagnleg
  - Mjög ógagnleg
6. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með verkefnið um námsvini í áfanganum?
  - Mjög ánægð/ur
  - Frekar ánægð/ur
  - Hlutlaus
  - Frekar óánægð/ur
  - Mjög óánægð/ur
7. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með röðun nemenda í hópa í verkefnavinnu í áfanganum?
  - Mjög ánægð/ur
  - Frekar ánægð/ur
  - Hlutlaus
  - Frekar óánægð/ur
  - Mjög óánægð/ur
8. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með dagbók námsvina?
  - Mjög ánægð/ur
  - Frekar ánægð/ur
  - Hlutlaus
  - Frekar óánægð/ur
  - Mjög óánægð/ur

9. Hve mikið eða lítið lærðir þú af eftirfarandi verkefnum?

Valverkefni- lokaverkefni	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Rannsóknarverkefni	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Hugtakalistar	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Veggspjald um frumkvöðul	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Val um rannsóknaraðferð	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Kenningar um valin efni	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Teiknimyndasaga	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Semja prófspurningar	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Umræður klukkan/líffg/sóun	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Fátækt á Íslandi	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Próf í tíma með gögnum	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Próf í tíma án gagna	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Sjálfsmat nemenda	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Hvað kann ég og vil læra	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Hvað er félagsfræði?	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Dagbók námsvina	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið
Námsupplifun	<input type="checkbox"/> Mjög mikið	<input type="checkbox"/> Mikið	<input type="checkbox"/> Frekar lítið	<input type="checkbox"/> Mjög lítið

10. Hversu gaman eða leiðinlegt fannst þér að vinna eftirfarandi verkefni?

Valverkefni - lokaverkefni	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Rannsóknarverkefni	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Hugtakalistar	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Veggspjald um frumkvöðul	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Val um rannsóknaraðferð	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Kenningar um valin efni	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Teiknimyndasaga	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Semja prófspurningar	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Umræður klukkan/líff/sóun	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Fátækt á Íslandi	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Próf í tíma með gögnum	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Próf í tíma án gagna	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Sjálfsmat nemenda	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Hvað kann ég og vil læra	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Hvað er félagsfræði?	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Dagbók námsvina	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt
Námsupplifun	<input type="checkbox"/> Mjög gaman	<input type="checkbox"/> Gaman	<input type="checkbox"/> Frekar leiðinlegt	<input type="checkbox"/> Mjög leiðinlegt

10. Annað sem þú vilt koma á framfæri við kennarann?

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.  
Hjördís